

**SKOÐUN** Sif Sigmarsdóttir skrifar um árásirnar á Híró-síma og Nagasaki. **17**



**MENNING** Reykjavik Gospel Company kemur fram á gospelhátíð í Alabama. **26**



**LÍFIÐ** Nokkrir Íslendingar hafa safnað stórum aðdáendahópi á Snapchat. **38**



**SPORT** Jón Arnór er nítján stigum frá þúsundasta stiginu fyrir Íslands hönd. **34**







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
7. ágúst 2015
183. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**LÍFIÐ**



### Femínískur leikstjóri

Elsa María Jakobsdóttir kvikmyndagerðarkona hefur sterkar skoðanir á stöðu kvenna í fjölmiðla- og framleiðsluheiminum. Hún segir Lífinu frá upplifunum sínum úr kvikmyndaheiminum og ástinni sem hún kynntist á bassaboxi í miðbæ Reykjavíkur.

**FRÉTTIR**



**Nytjastuldum fjölgar** Tilkynningum til lögreglu um reiðhjólaþjófnað hefur fækkað umtalsvert undanfarin fjögur ár og tilkynningar um þjófnað á ökutækjum hafa aukist undanfarin ár. **2**

**Gagnrýnir skilnaðarlög** Skilnaðarlög gera ráð fyrir því að hálft ár þurfi að líða frá því að skilnaður að borði og sæng gengur í gegn og þar til hægt er að fara fram á lögskilnað. **4**

**Í skaðabótamál við ríkið** Höfðað verður skaðabótamál vegna ákvörðunar fangelsismálayfirvalda um að vista fanga á öryggisgangi í átján mánuði vegna gruns um aðkomu þeirra að andláti fanga árið 2012. **6**




**16**

**2 SÉRBLÖÐ** Lífið | Fólk




**FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ**

# Finnur að óttinn er á undanhaldi

**Einar Þór Jónsson framkvæmdastjóri HIV samtakanna, segir mikilvægt að halda uppi umræðu um sjúkdóminn til þess að eyða fordómum. Hann segir frá kynnum sínum af Freddie Mercury, hádegisverði með Obama og baráttunni sem hefur ekki alltaf verið auðveld.**

**Síða 12**



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






Utanríkisráðherra segir Rússa hafa brotið alþjóðareglur og sáttmála:

# Pólitísk samstaða um aðgerðir

**UTANRÍKISMÁL** „Við erum að verja ákveðin prinsipp sem eru varin samkvæmt alþjóðareglum og sáttmálum og þetta er brotið af Rússum í þessu tilfelli,“ sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra eftir fund utanríkismálanefndar Alþingis í gær.

Þeir nefndarmenn sem Fréttablaðið náði tali af voru sammála um að pólitísk samstaða væri um að halda þvingunum gegn Rússlandi áfram. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, segist þó hafa fyrirvara á afstöðu sinni. Hún hafi gert grein fyrir þessum fyrirvörum í utanríkismálanefnd eftir að vopnahlé milli Rússa og Úkraínumanna náðist á sínum tíma.

„Mér finnst við verða að umgangast svona tæki varlega og vera markviss í því hvernig því er beitt,“ segir Katrín. Hins vegar hafi öllum mátt vera ljóst, þegar Ísland gerðist aðili að þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi, að til þess gæti komið að Ísland yrði í hópi þeirra landa sem Rússar settu viðskiptabann á. „Ég vakti athygli á því í ágúst í fyrra að við værum ekki á þessum lista og ég tel að það hafi öllum mátt vera ljóst að til þessa gæti komið,“ segir Katrín. Fiskútflytjendur hefðu því getað kvartað undan samráðsleysi mun fyrr.



GUNNAR BRAGI SVEINSSON



> **Mér finnst við verða að umgangast svona tæki varlega og vera markviss í því hvernig því er beitt.**
>
> *Katrín Jakobsdóttir, formaður VG og fulltrúi í utanríkismálanefnd Alþingis*

- srs, jhh / sjá síðu 4




## VEÐUR



Fremur hæg norðvestanátt í dag, föstudag. Dálítil rigning eða súld á Norður- og Austurlandi, en annars bjart með köflum. Hiti 7 til 18 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

SJÁ SÍÐU 22

Hvalur hf. hagnaðist um þrjá milljarða króna vegna dótturfélagsins Vogunar sem á í HB Granda:

# Tap af veiðum á langreyði hjá Hval hf.

**VIÐSKIPTI** Hvalur hf. hagnaðist um þrjá milljarða króna á síðasta rekstrarári sem hófst í október 2013 og lauk í september 2014.

Hagnaðurinn skýrist nær alfarið af tekjum frá dótturfélaginu Vogun hf. sem námu 3,2 milljörðum króna. Vogun á stóran hlut í HB Granda og Hampiðjunni. Hagnaður á fyrra rekstrarári nam tæplega 2,5 milljörðum króna og jókst nokkuð milli ára.

Samkvæmt því sem fram kemur í ársreikningunum varð tap á hvalveiðum fyrirtækisins. Hvalur seldi hvalafurðir fyrir 1.055 milljónir króna á síðasta ári en kostnaður í Hvalfirði, við rekstur hvalveiðiskipa, og útflutningstengdur kostnaður nemur samtals 2.011 milljónum króna. Þá er bókfærð birgðabreyting hvalafurða upp á 822 milljónir króna. Út frá þessu má áætla að tap Hvals af veiðum á langreyði hafi að minnsta kosti verið 73 milljónir króna.

Í ársreikningi er einnig tilgreindur kostnaður í Hafnarfirði upp á 120 milljónir króna og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður upp á 158 milljónir króna sem gera má ráð fyrir að hafi að einhverjum hluta fallið til vegna hvalveiða.

Þá kemur fram í ársreikningnum að Hvalur hafi átt frosnar hvalafurðir metnar á 2,6 milljarða króna í lok september 2014. - ih



**HVALVEIÐI** Kristján Loftsson er framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og stór hluthafi í Hval. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**RISI** Vestmannaeyjaferjan Herjólfur er ekki stór samanborið við hollenska skemmtiferðaskipið Ryndam. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Það er mikið líf í Vestmannaeyjum þótt Þjóðhátíð sé lokið:

## Ryndam kom við í Eyjum

**Hollenska skemmtiferðaskipið Ryndam lá á ytri höfninni í Vestmannaeyjum í gær, þar sem það komst ekki inn í sjálfa höfnina. Óskar P. Friðriksson, ljósmyndari í Vestmannaeyjum, segir að skipið sé búið sjálfvirkum búnaði til að vera á sama stað og því engin akkeri notuð. Enda er ekki leyfilegt að nota þau þarna, þar sem vatns- og rafmagnslagnir liggja þar. Þótt skipið sé stórt kom það ekki í veg fyrir að umferð annarra skipa gengi eðlilega fyrir sig.** - jhh

Kviknaði í rútu í Víkurskarði:

## Logandi rúta teppti umferð

**BRUNI** Eldur kviknaði í rútu í Víkurskarði í gær. Fjöldi ferðamanna var í rútunni en samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Akureyrarbæjar komust allir úr rútunni heilir á húfi.

Töluverð umferðarteppa myndaðist á svæðinu þegar stöðva þurfti rútuna.

Ekki er vitað með fullri vissu hvað olli því að eldurinn kom upp en svo virðist sem hann hafi kviknað í vélarrúminu og að sögn sjónarvotts logaði eldurinn glatt í aftari hluta rútunnar. - nej

Byggja við Hofsstaðaskóla:

## Ný viðbygging að verða klár

**GARÐABÆR** Ný viðbygging við Hofsstaðaskóla í Garðabæ verður opnuð þegar skólahald hefst nú í ágúst. Þetta kemur fram á vefsíðu bæjarins.

Nýbyggingin er alls um 1.100 fermetrar að stærð, á tveimur hæðum. Á neðri hæð eru nýjar stofur fyrir náttúrufræði, heimilisfræði, myndmennt, smíði og textíl.

Á efri hæð eru fyrst og fremst ný stjórnunarrými svo sem afgreiðsla, skrifstofur og aðstaða starfsmanna. - ngy



**HJÓL Í ÓSKILUM** Lögreglan leggur hald á fjöldann allan af hjólum sem fara á uppboð. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fleiri ökutækjum en reiðhjólum stolið

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningar um 227 stolin reiðhjól fyrstu sex mánuði ársins samanborið við 235 tilkynningar um stolin ökutæki á sama tíma. Algengt er að einstaklingar steli mörgum hjólum og selji á internetinu.

**LÖGREGLUMÁL** „Í lok 2014 hefur nytjastuldum fjölgað eitthvað og hefur haldið áfram í ár og við höfum aðeins verið að reyna að vinna í því hvort það sé hægt að sporna við þessu og koma auga á hvað veldur,“ segir Jónas Orri Jónasson, félagsfræðingur hjá lögreglunni.

Tilkynningum um reiðhjólaþjófnaði hefur fækkað umtalsvert undanfarin fjögur ár og tilkynningar um þjófnaði á ökutækjum hafa aukist undanfarin ár og eru orðnar fleiri en tilkynningar um reiðhjólaþjófnaði það sem af er ári.

Árið 2012 barst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 391 tilkynning um reiðhjólaþjófnað fyrstu sex mánuði ársins samanborið við 227 tilkynningar fyrstu sex mánuði ársins í ár.

Árið 2013 bárust 98 tilkynningar um stolin ökutæki fyrstu sex mánuði ársins en 235 tilkynningar fyrstu sex mánuði ársins í ár.



JÓHANN KARL ÞÓRISSON

Jónas segir erfitt að meta hvað veldur þessari breytingu á tilkynningum og það gæti allt eins verið tilviljun.

„Það er áhugavert að sjá þessa breytingu en það er erfitt að koma með einhverja ástæðu fyrir því af hverju þetta er svona,“ segir hann.

Jóhann Karl Þórsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að sjaldan sé það þannig að ökutæki hverfi fyrir fullt og allt.

„Það er sjaldan sem bílar hverfa alveg. Það er meira þannig að fólk fær hann kannski lánaðan í óleyfi og svo finnst hann einhvers staðar. Það er ekki verið að stela bílum og flytja þá úr landi.“

Hvað reiðhjólaþjófnað varðar segir Jóhann að það sé eitthvað um svartan markað með stolin reiðhjól. Hann segir að stundum handsami lögreglan einstaklinga sem hafi komist yfir nokkur dýr hjól með ólögmætum hætti og selji áfram á Bland.is.

„Eigandinn liggur þá á Blandinu og svo þegar hjólið kemur inn þá lætur hann okkur vita. Og við mætum á staðinn og hirðum viðkomandi og framkvæmum húsleit og þá finnast oft fleiri hjól. Ég get ekki séð að það sé einhver þjófnaðarhringur í gangi en það eru einhverjir sem sjá sér hag í að stela hjólum og selja og svo er hinn almenni borgari að kaupa þýfið.“

Jóhann segir að hinn almenni borgari þurfi að hafa varann á þegar kemur að viðskiptum á vefjum eins og Bland. Flestir kaupi lögmæta vöru á Bland en þó sé algengt að þar gangi þýfi kaupum og sölum. stefanrafn@frettabladid.is

SUMAR ÚTSALA

Gasgrill
Garðhúsgögn
Kolagrill
Aukahlutir

Grillbúðin www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400 Opið virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16

Brotist var inn í skartgripaverslun í Firði um helgina og miklum verðmætum stolið:

# Einn grunaður um innbrot í Fjörð

**LÖGREGLUMÁL** „Eins og staðan er núna er hann einn grunaður,“ segir Helgi Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður sem fer með rannsókn innbrots í verslunarmiðstöðinni Firði um síðustu helgi.

Lögreglan handtók mann í tengslum við innbrotið í gær en honum var sleppt í kjölfar yfirheyrslu og húsleitar. Maðurinn neitar sök.

Brotist var inn í skartgripaverslun í Firði, en verðmæti þess sem stolið var hleypur á milljónum króna samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðilum.

Í tilkynningu frá lögreglunni segir að rannsókn málsins hafi hafist um leið og innbrotið uppgötvaðist að morgni sunnudagsins 2. ágúst. Í kjölfarið fundust föt, sem talið er að innbrotsþjófurinn hafi notað, á tveimur stöðum í miðbæ Hafnarfjarðar en þar fundust einnig umbúðir utan af hluta þeirra skartgripa sem stolið var.

Að sögn Helga er rannsókn málsins í fullum gangi. „Nú er bara að halda rannsókninni áfram og finna út úr því hvort maðurinn sagði sannleikann. Hann liggur enn undir grun en það var ekki talin ástæða til þess að fara fram á gæsluvarðhald,“ segir Helgi. - ngy



**RANNSAKA INNBROT** Lögreglan handtók mann í tengslum við innbrotið í gær en honum var sleppt eftir yfirheyrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR**
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
|---|---|---|
| Fiskislóð 1 | Tryggvabraut 1–3 | Mán.–fös. 10–18 |
| Sími 580 8500 | Sími 460 3630 | Lau. 10–16 |

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## SPURNING DAGSINS



Ætlið þið að reiða ykkur á hjólin?

**Já, við hjólum glöð áfram.**

Þórólfur Árnason er forstjóri Samgöngustofu sem hefur skilað frá sér drögum að nýrri reglugerð um reiðhjól á Íslandi.

Dæmi eru um að maki játi framhjáhald til að flýta fyrir skilnaði óháð því hvort það hafi átt sér stað:

# Gagnrýnir forræðishyggju í skilnaðarlögum

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta eru einhvers konar forræðishyggjurök sem maður skilur ekki,“ segir Oddgeir Einarsson lögmaður um skilnaðarlög sem gera ráð fyrir því að hálft ár þurfi að líða frá því að skilnaður að borði og sæng gengur í gegn og þar til hægt er að fara fram á lögskilnað. „Fólk á að geta skilið jafn auðveldlega og það giftir sig,“ segir Oddgeir.

Oddgeir segir að það hve langan tíma getur tekið að skilja tefja fyrir þeim sem hefja vilji nýtt líf.

„Fyrir marga er þetta ákveðið stopp. Þetta tefur það að fólk geti farið að hugsa um eitthvað annað,“ segir Oddgeir.

Jónína Guðmundsdóttir, hjá Pacta lögmönnum, segist vita dæmi þess að hjón hafi viðurkennt framhjáhald sem ekki hafi átt sér stað til þess að fá lögskilnað í gegn án þess að þurfa að bíða í hálft ár. Hægt er að fá lögskilnað strax án þess að bíða í sex mánuði liggi fyrir samþykki beggja aðila játi annar aðilinn hjúskaparbrot.

Jónína segir það galla á skilnaðarlöggjöfinni að sækja þurfi sérstakalega um lögskilnað eftir að gengið er frá skilnaði að borði og sæng.

Gangi lögskilnaður ekki í gegn heldur fyrri maki enn erfðarétti sem skapað geti vandamál þegar annar aðilinn fellur frá. Dæmi séu um slíkt áratugum eftir að gengið hafi verið frá skilnaði að borði og sæng. Því áréttar Jónína að fólk sé meðvitað um rétt sinn við skilnað. - ih



**„Þetta eru einhvers konar forræðishyggjurök sem maður skilur ekki. Fólk á að geta skilið jafn auðveldlega og það giftir sig**

*Oddgeir Einarsson lögmaður*



**NÝ VÉL** Icelandair fékk í gær sína fyrstu Boeing 767-vél. MYND/BIRGIR ÖRN SIGURJÓNSSON

Ný flugvél lenti á Keflavíkurflugvelli í gær, von er á annarri:

# Fyrsta Boeing 767-vél Icelandair

**VIÐSKIPTI Fyrsta Boeing 767-300ER-flugvél Icelandair kom til landsins í gær eftir afhendingarflug frá Shannon á Írlandi. Vélin tekur um 260 farþega. Von er á annarri Boeing 767-vél á næstunni.**

**767-vélarnar eru keyptar til að leysa af tvær leiguvélar af gerðinni 757, en flugvélarnar eru líkar að mörgu leyti hvað varðar þjálfun áhafna og viðhald.**

**Vélin ber skráninguna TS-ISN en bar áður skráninguna VQ-BVD og var í eigu Nordwind Airlines.** - þea

Verkfall þyngir umferðina:

# Milljónir gátu ekki tekið lest

**BRETLAND** Milljónir Lundúnabúa neyddust til að fara fótgangandi, hjólandi eða með troðfullum strætisvögnum til vinnu í gærmorgun þegar starfsfólk neðanjarðarlestanna fór í verkfall í annað sinn í mánuðinum. Starfsfólkið fór frá vinnu á miðvikudagskvöld en mun mæta aftur til vinnu í dag.

Verkfallið er til komið vegna áforma borgarstjórans Boris Johnson um að láta neðanjarðarlestakerfið ganga allan sólarhringinn á föstu- og laugardögum. Borgin brást við verkfallinu með því að bæta 250 strætisvögnum við flotann til að anna aukinni eftirspurn. - þea

ISIS lýstu yfir ábyrgð á árásinni:

# Fimmtán fórust í sprengjuárás

**SÁDI-ARABÍA** Að minnsta kosti fimmtán manns fórust í sjálfsvígssprengjuárás í mosku í sádiarabísku borginni Abha í gær. Borgin er nærri landamærunum að Jemen.

Moskan tilheyrði öryggisvörðum í innanríkisráðuneyti Sádi-Arabíu

Sprengingin varð á bænatíma og segir talsmaður innanríkisráðuneytisins flesta hinna látnu hafa verið lögreglumenn sem voru við morgunbænir.

Hryðjuverkasamtökin Ríki íslams hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni. - ngy


LEVANTO
hægindastóll

MARGIR LITIR Í LEÐRI OG ÁKLÆÐI
VERÐ FRÁ KR. 79.990* *ÁN SKEMILS
HÚSGAGNAHÖLLIN




**SPRETTILSÖGUR FYRIR ALVÖRUNA** Þingmenn voru léttir á brún fyrir fund utanríkismálanefndar í gær áður en alvarlegu málefnin tóku við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Viðskiptabann Rússa líklegra nú en áður

Pólitísk samstaða er um að halda áfram þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi. Utanríkisráðherra segist opinn fyrir því að koma á tryggingakerfi fyrir útflutningsfyrirtæki sem hljóta skaða af hugsanlegu viðskiptabanni Rússa á Ísland.

**UTANRÍKISMÁL** „Við erum að verja ákveðin prinsipp sem eru varin samkvæmt alþjóðareglum og sáttmálum og þetta er brotið af Rússum í þessu tilfelli,“ sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra eftir fund utanríkismálanefndar Alþingis í gær.

Þeir nefndarmenn sem Fréttablaðið náði tali af voru sammála um að pólitísk samstaða væri um að halda þvingunum gegn Rússlandi áfram.

„Þetta snýst um það að Ísland hefur alltaf varið sig með tilvísunum í lög um slíka sáttmála og þar af leiðandi getum við ekki gefið afslátt af því prinsipði. Það gæti kæmi okkur í koll síðar meir en ég geri samt ekki lítið úr þeim vandamálum sem því fylgja,“ sagði Gunnar.

Hann segir að líkurnar á því að Rússar beiti Ísland viðskiptabanni séu meiri heldur en áður en þó sé ekkert staðfest í þeim efnum þar sem íslensk stjórnvöld hafa fengið misvísandi upplýsingar frá þeim rússnesku.

Gunnar segir að á fundinum hafi verið ræddar hugmyndir um hvort stjórnvöld kæmu útflutningsaðilum til aðstoðar ef af viðskiptabanni verður. Til að mynda var rætt hvort Ísland ætti að veita opinber framlög til þeirra útflutningsaðila sem hljóta skaða af líkt og önnur ríki hafa gert.

„Einstök ríki innan Evrópusambandsins hafa til dæmis stutt sinn sjávarútveg eða landbúnað,“ segir hann. „Norðmenn studdu



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

sína útflytjendur bæði með tryggingum og einhverju slíku. Ég persónulega er mjög opinn fyrir því að skoða slíkt.“

Rússar hafa hótað því að beita Ísland viðskiptaþvingunum þar sem Ísland er í hópi ríkja ásamt Evrópusambandinu sem hafa beitt Rússland þvingunaraðgerðum vegna ágangs þeirra gagnvart Úkraínu. Þrátt fyrir að aðgerðir Evrópusambandsins séu víðtækar er hlutverk Íslands takmarkað að sögn Gunnars.

„Þetta eru þvinganir sem snúa að ferðafrelsi, fjármagnsflutningum, vopnaviðskiptum, fjárfestingum og fleira. Það er eitt íslenskt fyrirtæki sem hefur selt búnað í olíuiðnaðinn og þess háttar. Það fellur undir þessa skilgreiningu. Þegar kemur að endurnýjun á þeirra samningi þá gæti það haft einhver áhrif. Það er eina dæmið um bein áhrif þvingananna á Ísland.“ stefanrafn@frettabladid.is

### → Viðskiptabann Rússlands gagnvart ESB og öðrum ríkjum

- Bann við innflutningi á flestum matvælum.
- Ferðabann á ákveðna embættismenn.

### → Þvingunaraðgerðir ESB, Íslands og annarra ríkja gegn Rússlandi

**Vopnaviðskipti**
- Bann við vopnaviðskiptum.
- Lögreglubúnaður s.s. vatnsbyssur og óeirðabúnaður.
- Hráefni eða hugbúnaður í hergagnaframleiðslu.

**Frysting á eignum (gegn ákveðnum einstaklingum)**
- Frysting á fjármagni, reiðufé, hlutabréfum o.fl.
- Greiðsla frá lögaðilum innan þvingunarríkja til lögaðila í Rússlandi.

**Ferðaþvinganir (gagnvart ákveðnum einstaklingum)**
- Bann við inngöngu við landamæri ESB (Schengen) auk banns við úthlutun vegabréfsáritana.

**Diplómatískar aðgerðir**
- Rússar útskúfaðir af fundi G8-ríkjanna í júní 2014.
- Hætt við sameiginlega ráðstefnu og vegabréfsviðræður ESB og Rússlands í mars 2014.


ALLAR
SKÓLATÖSKUR
OG PENNAVESKI
JEVA Beckmann og PULSE í miklu úrvali
30%
AFSLÁTTUR
7.-9. ÁGÚST
Verðdæmi 13.762 fullt verð 19.661
Verðdæmi 11.129 fullt verð 15.899
Verðdæmi 14.746 fullt verð 19.661
Verðdæmi 11.829 fullt verð 16.899
Verðdæmi 11.829 fullt verð 16.899
Verðdæmi 1.252 fullt verð 1.785
Verðdæmi 3.042 fullt verð 4.346
Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Til hvaða liðs var bandaríski landsliðsmaðurinn Aron Jóhannsson að fara?
**2.** Hvar tekur Sigur Rós nú upp nýja plötu?
**3.** Hvenær stefnir innanríkisráðherra á að nýtt millidómstig taki til starfa?

**SVÖR:**
**1.** Werder Bremen **2.** New York **3.** Á árinu 2017

Niðurstöður könnunar MMR sýna að fleiri Íslendingar sæki í ferðir til útlanda í ár en árið áður:

# Íslendingar ferðast síður innanlands í ár

**FERÐAÞJÓNUSTA** Tæplega 74 prósent Íslendinga segjast ætla að ferðast innanlands í sumarfríinu og þar af sögðust 42,4 prósent einungis ætla að ferðast innanlands. Þetta kemur fram í nýrri könnun MMR þar sem kannað var hvort Íslendingar ætluðu að ferðast innanlands eða utan í sumarfríinu.

Til samanburðar sagðist 83,1 prósent ætla að ferðast innanlands árið 2014 og 52,1 prósent sagðist eingöngu ætla að ferðast innanlands sama ár.

Fleiri sögðust ætla að ferðast utanlands í sumarfríinu í ár en í fyrra. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 41,6% ætla að ferðast utanlands í sumarfríinu og 10,3% sögðust eingöngu ætla að ferðast utanlands. Til samanburðar sögðust 38,2% ætla að ferðast utanlands árið 2013 og 7,2% sögðust eingöngu ætla að ferðast utanlands sama ár.

Fleiri sögðust ekki ætla að ferðast neitt í sumarfríinu en í fyrra. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 16,0% ekki ætla að ferðast neitt í sumarfríinu, borið saman við 9,7% í fyrra.

Könnunin var gerð 22. til 30. júlí. Úrtakið var einstaklingar 18 ára og eldri, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. Alls svöruðu 956 einstaklingar spurningunni. **- aí**



**Á SUÐURLANDSVEGI** Færri segjast ætla að ferðast innanlands í ár en fleiri ferðast utanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARÍNÓ



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Helgi Þór Arason er framkvæmdastjóri Landsbréfa sem skiluðu 285 milljónum í hagnað.

Árshlutauppgjör Landsbréfa:

## Hagnaðurinn 285 milljónir

**VIÐSKIPTI** Hagnaður af rekstri Landsbréfa á fyrri hluta ársins nam 285 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi, samanborið við 75 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2014. Þetta kemur fram í árshlutareikningi sem var birtur í gær.

Hreinar rekstrartekjur félagsins á fyrri hluta ársins 2015 námu 763 milljónum króna, samanborið við 493 milljónir á sama tímabili árið 2014. Eigið fé Landsbréfa hf. í lok júní 2015 nam 2.117 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárhlutfall 65,39 prósent. **- jhh**

Milljarðatuga útgjaldaaukning:

## 1,7 milljarðar í plús hjá ríkinu

**EFNAHAGSMÁL** Tekjur ríkissjóðs umfram gjöld námu um 1,7 milljörðum króna á fyrstu fimm mánuðum ársins. Innheimtar tekjur jukust um 9,4 milljarða króna milli ára en á móti jukust greidd gjöld um 22,7 milljarða króna.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 32,4 milljarða samanborið við jákvætt handbært fé upp á 11,8 milljarða í fyrra. Þetta skýrist að stærstum hluta með því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána kom til greiðslu nú í byrjun árs 2015. **- jhh**

# Höfða skaðabótamál vegna átján mánaða á öryggisgangi

Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson voru vistaðir á öryggisgangi á Litla-Hrauni í átján mánuði vegna gruns um að hafa beitt samfanga sinn ofbeldi sem leiddi til dauða hans. Lögmaður Annþórs segir vistunina ólögmæta.

**DÓMSMÁL** „Ég er þeirrar skoðunar að vistun á öryggisgangi hafi ekki verið lögum samkvæm. Ég efast stórlega um að það sé nægilega sterk heimild í lögum til að geyma þá í tveggja manna einangrun í eitt og hálft ár," segir Hólmgeir Elías Flosason, verjandi Annþórs Kristjáns Karlssonar, sem ákærður er ásamt Berki Birgissyni fyrir að hafa beitt samfanga sinn á Litla-Hrauni ofbeldi sem leiddi til dauða hans árið 2012.

Hólmgeir segir að höfðað verði skaðabótamál vegna ákvörðunar fangelsismálayfirvalda um að vista Annþór og Börk á sérstökum öryggisgangi í fangelsinu í átján mánuði vegna gruns um aðkomu þeirra að andláti fangans. „Nú liggur það fyrir að það verður farið í skaðabótamál vegna þessa, alveg óháð málinu sem er í gangi núna. Eftir að dómur fellur í málinu um andlát fangans þá verður höfðað annað mál," segir Hólmgeir.

Fyrirtaka málsins, sem saksóknari rekur gegn Annþóri og Berki, fer fram í byrjun september að sögn Hólmgeirs. Að hans bestu vitund hefur ríkissaksóknari ekki ákveðið að fella niður málið þrátt fyrir að niðurstöður fimm erlendra sérfræðinga, sem fengnir voru til að meta skýrslur íslenskra sérfræðinga um andlát fangans, hafi verið á öndverðum meiði við fyrri skýrslurnar.



**HÓLMGEIR ELÍAS FLOSASON**



**PÁLL WINKEL**

„Ég hef ekki fengið neitt veður af því frá ríkissaksóknara að hann ætli að fella niður málið og það er hann sem hefur fullt forræði í málinu."

Helgi Magnús Guðmundsson vararíkissaksóknari hefur ekki tekið afstöðu til matsgerðanna sem bárust síðast. „Afstaða ákæruvalds um framhald málsins mun verða kunngerð í héraðsdómi en ekki fjölmiðlum eins og gengur," segir Helgi.

Hólmgeir segir að fangelsisyfirvöld hafi samkvæmt lögum ákveðið úrræði ef grunur leikur á um agabrot. „Þau úrræði voru ekki nýtt þarna. Í fyrsta lagi vegna langs tíma og svo er þarna byrjað og refsa þeim á meðan málið er enn þá í rannsókn sem er ólöglegt. Refsing hefst einungis þegar dómur hefur gengið."



**LITLA-HRAUN** Rannsókn á andláti fangans hefur tekið rúmlega þrjú ár. Annþór og Börkur hafa ávallt neitað sök. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rannsóknin á andláti fangans hefur tekið rúmlega þrjú ár en ákæra var gefin út rúmlega ári eftir atburðinn eða þann 30. maí árið 2013. Annþór og Börkur hafa ávallt neitað sök.

„Þarna var grunur um að tveir fangar hefðu orðið samfanga sínum að bana. Í afplánun á þessum tíma voru átta aðrir fangar á sama gangi og fanginn lést á. Mikil reiði, hræðsla og miklar tilfinningar voru til staðar meðal allra sem þarna voru vistaðir og því var ekki unnt að hleypa þeim aftur inn á sama gang," segir Páll Winkel fangelsismálastjóri um málið.

Að sögn Páls voru aðstæður í fangelsinu á Litla-Hrauni mjög erfiðar á þeim tíma er atvikið átti sér stað.

„Það er mikilvægt að skilja að fanga til að halda uppi öryggi í fangelsinu. Önnur fangelsi voru ekki í stakk búin til að skilja að hópa fanga. Aðstæður fangelsiskerfisins voru því mjög snúnar á þessum tíma og eru enn. Þetta mál var öllum erfitt, föngum og starfsfólki," bætir Páll við.

nadine@frettabladid.is

## Annþór og Börkur á Litla-Hrauni

**18 MÁNUÐIR Á ÖRYGGISGANGI**

- **17. maí 2012** – Fangi fannst **LÁTINN Í KLEFA** sínum á Litla-Hrauni.
- **24. maí 2012** – Báðir í 3. vikna **GÆSLUVARÐHALD**
- **11. júní 2012** – **ÖRYGGISGANGUR** Annþór og Börkur fluttir á öryggisgang.
- **30. maí 2013** – Annþór og Börkur **ÁKÆRÐIR** fyrir stórfellda líkamsárás sem leiddi til dauða.
- **11. júní 2013** – **MÁLIÐ ÞINGFEST** Annþór og Börkur neita sök.
- **6. desember 2013** – **LOSNA AF ÖRYGGISGANGI** Afplánun fyrir dóm í öðru máli.







ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




Rússar endurnýja tilkall sitt til gríðarstórra hafsvæða á norðurskautinu:

# Tilkall til milljón ferkílómetra

**RÚSSLAND** Rússland gerði í gær aftur tilkall til gríðarmikils landflæmis á norðurskautinu. Þetta kemur fram á fréttavef Reuters.

Um er að ræða um 1,2 milljóna ferkílómetra landsvæði sem talið er að innihaldi gífurlegt magn náttúruauðlinda.

Noregur, Bandaríkin, Danmörk og Kanada hafa einnig lýst yfir áhuga á að gera svipað tilkall til svæðisins og fjöldi orkufyrirtækja er með það á teikniborðinu að hefja tilraunaboranir á svæðinu.

Fyrir um áratug höfnuðu Sameinuðu þjóðirnar upphaflegu tilkalli Rússa þar sem nægjanleg gögn um svæðið lágu ekki fyrir. Síðan þá hefur Pútín Rússlandsforseti sett það í forgang að tryggja yfirráð Rússa á svæðinu þar norður frá og nú telja yfirvöld í Moskvu sig búa yfir nægri þekkingu til að gera tilkallið enn á ný.

Fréttablaðið hefur greint frá því að fimm ríki hafa gert með sér samkomulag um veiði og rannsóknir á norðurskautinu en það þykir vekja athygli að Ísland var ekki á meðal þeirra ríkja. **- srs**



**RÚSSLANDSFORSETI** Pútín hefur gert tilkall til norðurskautsins að forgangsatriði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**FÓLK** Verkfallið hefur haft áhrif á líf fjölda fólks. Á 12. þúsund þinglýsingamál söfnuðust upp, mikill fjöldi beiðna um fjárnám og nauðungarsölur og hvorki var hægt að gifta sig hjá sýslumanni né skilja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Enn gríðarlegt álag hjá sýslumanninum

Einhverjar vikur eru í að málahraði komist í eðlilegt horf hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Á milli 11 og 12 þúsund þinglýsingamál söfnuðust upp í verkfalli BHM. Dæmi um að fólk hafi hætt við skilnað í löngu verkfallinu.

**STJÓRNSÝSLA** „Við erum að vinna okkur út úr þessu, en það er mjög mismunandi eftir málaflokkum hvernig hægt er að vinna málin,“ segir Þórólfur Halldórsson, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu. Rúmlega tíu vikna verkfall lögfræðinga hjá sýslumanni, sem eru félagar í BHM, varð til þess að gríðarlegur fjöldi mála safnaðist upp hjá embættinu.

Í eðlilegu árferði er stefnt að því að afgreiðsluhraði hjá embættinu sé innan við ein vika. Í dag er hann fjórar til fimm vikur, en þegar verkfalli lauk höfðu sum mál beðið í tæpar ellefu vikur. Þórólfur segir að einhverjar vikur taki að koma málum í eðlilegt horf, enda hafi mikill fjöldi mála safnast upp.

„Bara þinglýsingarskjöl voru á milli 11 og 12 þúsund og það þarf að velta hverju skjali og skoða það gaumgæfilega, það eru ekki afgreiðslumál, það þarf að fara í gegnum skjölin, undirritanir og annað því um líkt.

Síðan var aragrúi af málum á fullnustusviði, aðfararmál svokölluð, fjárnámskröfur, nauðungarsölur. Það eru aftur mál sem þarf að boða í sérstaklega með ákveðnum fyrirvara þannig að þegar verkfalli lauk var ekki bara hægt að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið, heldur þurfti að auglýsa upp á nýtt eða senda boðanir með nokkurra vikna fyrirvara, eftir því á hvaða stigi málin voru, og síðan dreifa þeim með eðlilegum hætti. Þetta er því ekki þannig að það sé hægt að byrja eins og ekkert hafi í skorist.“

Í verkfallinu gat fólk ekki látið gefa sig saman hjá sýslumanni og ekki var hægt að afgreiða skilnaði. Sumir gáfust upp á biðinni.

„Það eru meira að segja dæmi um að fólk hafi hætt við að skilja í verkfallinu af því að það stóð svo lengi.“

Verkfall BHM hófst 7. apríl og lauk 13. júlí þegar Alþingi samþykkti lög sem bönnuðu það. Þá tóku við sumarfrí.

„Sumarorlofstími er ákveðinn samkvæmt lögum og þá þarf fólk að taka sitt orlof. Það er því ákveðið flækjustig í þessu.“

**kolbeinn@frettabladid.is**



> **„Það eru meira að segja dæmi um að fólk hafi hætt við að skilja í verkfallinu af því að það stóð svo lengi.**
>
> *Þórólfur Halldórsson, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu.*

Afkoma móðurfélags Actavis á Íslandi litast mikið af óreglulegum liðum:

# Tekjur jukust um 116 prósent

**VIÐSKIPTI** Hagnaður lyfjafyrirtækisins Allergan (móðurfélags Actavis á Íslandi) fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (e. adjusted EBITDA) jókst um 203% og var 2,6 milljarðar dala á öðrum ársfjórðungi. Það samsvarar um 350 milljörðum íslenskra króna.

Tekjur á öðrum ársfjórðungi 2015 jukust um 116% í 5,76 milljarða dala (777 milljarða króna), samanborið við 2,67 milljarða dala (360 milljarða króna) á öðrum ársfjórðungi 2014. Ef tekið er tillit til óvenjulegra liða jókst hagnaður á hlut um 29% í 4,41 dal á öðrum ársfjórðungi 2015, samanborið við 3,42 dali á hlut á sama tímabili 2014. Sé ekki tekið tillit til óvenjulegra liða var tap á hlut 0,80 dalir í öðrum ársfjórðungi 2015 samanborið við 0,28 dala hagnað á sama tímabili í fyrra.

Í tilkynningu segir að afkoma félagsins litist af afskriftum, virðisrýrnun rannsóknar- og þróunarkostnaðar, kostnaði vegna fyrirtækjakaupa, starfslokagreiðslum og kostnaði vegna samþættingar fyrirtækisins. **- jhh**



**ABATASAMUR BRANSI** Aðlöguð EBITDA hjá móðurfélagi Actavis jókst um 203 prósent.






## Libratone ZIPP

Magnaður, þráðlaus hátalarari frá Libratone.
Léttur og einfaldur í notkun.
Innbyggð, endurhlaðanleg rafhlaða.
Þráðlaus tækni til að spila tónlist, jafnvel án WiFi nets.

**Tilboð: 48.990.-**
Fullt verð: 68.990.-

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

37 ára gamall faðir vann:

# Sótti 45 milljóna króna vinning

**SAMFÉLAG** 37 ára fjölskyldufaðir hefur sótt 45,2 milljóna króna lottóvinning til Íslenskrar getspár, en hann vann vinninginn í lottóútdrætti síðustu helgar. Í tilkynningu frá Íslenskri getspá segir að hann hafi verið glaður og hamingjusamur þegar hann mætti í hús. „Aðspurður segist hann hafa stofnað happaáskriftina fyrir stuttu og sagðist hann hafa fundið á sér undanfarnar vikur að hann væri að fara að vinna í Lottó, en aldrei hefði hann grunað að vinningurinn yrði upp á rúmar 45 milljónir. - ngy

Heilbrigðisráðuneytið kannar hvort heimila eigi blóðgjafir samkynhneigðra:

# Skoða að breyta blóðgjafareglum

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðuneytið er með til skoðunar hvort heimila eigi í einhverjum tilfellum blóðgjafir samkynhneigðra karla.

Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri heilbrigðisráðuneytisins, vonast til að niðurstaða komist í málið í haust en slíkt verði unnið í samstarfi við Blóðbankann og Landlæknisembættið.

Kristján Þór Júlíusson gaf út í desember að vonast væri til að ráðgjafarnefnd um blóðbankaþjónustu skilaði áliti í janúar síðastliðnum um blóðgjafir samkynhneigðra.



SVEINN GUÐMUNDSSON

Álitinu hefur enn ekki verið skilað en Sveinn segir að nefndin hafi skilað af sér fundargerð í sumar án þess að komist hafi verið að einni ákveðinni niðurstöðu.

Sveinn segir að slakað hafi verið á blóðgjafabanni samkynhneigðra í einhverjum nágrannalöndum þar sem samkynhneigðum körlum sem ekki hafa stundað kynlíf í talsverðan tíma verði heimilt að gefa blóð.

Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans, hefur sagt að það sé heilbrigðisyfirvalda að breyta reglum um blóðgjafir, þar með talið reglum um blóðgjafir samkynhneigðra karla. Nafni hans, Sveinn, hjá heilbrigðisráðuneytinu segir hins vegar að Blóðbankinn hafi breytt reglum án þess að hafa haft samráð við heilbrigðisráðuneytið. „Við höfum ekki komið að einstaka reglum Blóðbankans,“ segir hann. - ih

Mosfellsbær styrkir börn:

# Hækkar styrk til frístundaiðkunar

**SAMFÉLAG** Styrkur til frístundaiðkunar allra barna og unglinga í Mosfellsbæ hækkar í ár og er nú um 27.500 krónur. Mosfellsbær styrkir frístundaiðkun allra barna og unglinga á aldrinum 16 til 18 ára með lögheimili í Mosfellsbæ. Markmið niðurgreiðslunnar er að hvetja börn og unglinga til að finna sér frístund sem hentar hverjum og einum. Styrkurinn er afhentur í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar og geta foreldrar og forráðamenn því með rafrænum hætti greitt fyrir frístundaiðkun barna sinna. - ngy



**HEIMA** Þessi flugvél var sú fyrsta í fjóra mánuði sem lenti á Aden-flugvelli með almenna borgara. NORDICPHOTOS/AFP

Flugvöllurinn í Aden var opnaður á ný í gær eftir langa lokun:

# Koma heim eftir borgarastríðið

**JEMEN Flugvöllurinn í Aden, næststærstu borg Jemens, var opnaður á ný í gær eftir að uppreisnarmenn Húta höfðu verið hraktir frá borginni af mönnum Abd Rabbuh Mansur Hadi forseta. Fyrsta vélin lenti og flutti heim 158 Jemena sem höfðu flúið borgarastríðið.**

**Hútarnir, sem eru hliðhollir ríkisstjórn Írans, voru hraktir frá borginni í síðasta mánuði.**

**Utanríkisráðherra Jemena, Riyadh Yassin, sagði við fjölmiðla á þriðjudag að hann byggist við minni stuðningi Írana við Húta.** - þea

**BRETLAND**

### Stýrivextir óbreyttir

Peningastefnunefnd Seðlabanka Bretlands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum í 0,5 prósentum. Níu nefndarmenn greiddu atkvæði og samþykktu átta óbreytta vexti en einn vildi hækkun vaxta. BBC segir að þetta sé í fyrsta sinn í marga mánuði sem ágreiningur kemur upp í nefndinni.

**VIÐSKIPTI**

### Sameining hjá Coke

Coca-Cola Iberian Partners, Coca-Cola Enterprises og Coca-Cola Erfrischungsgetränke AG kynntu í gær samkomulag sem felur í sér samruna reksturs félaganna þriggja. Sameinað félag, sem fær nafnið Coca-Cola European Partners Ltd., verður stærsti einstaki átöppunaraðili drykkjarvara Coca-Cola fyrirtækisins í heimi.








**KOMIN TIL ÚTEYJAR** Hópur ungmenna kom til Úteyjar í gær og verður þar um helgina á ungliðamóti norska Verkamannaflokksins. NORDICPHOTOS/AFP

# Hundruð unglinga komin til Úteyjar

Fjórum árum eftir fjöldamorðin í Útey snúa ungliðar norska Verkamannaflokksins þangað aftur og halda útihátíð á eyjunni. Jens Stoltenberg vonast til að hægt verði að endurskapa stemninguna, eins og hún var áður en Breivik kom þangað.

**NOREGUR** Ungliðabúðir norska Verkamannaflokksins verða haldnar í Útey í Noregi nú um helgina, fjórum árum eftir að Anders Behring Breivik myrti þar 69 manns. Starfsemin hefur legið þar niðri allar götur síðan, en nú er komin ný kynslóð sem segist ætla að endurheimta eyjuna.

Jens Stoltenberg, sem var forsætisráðherra Noregs fyrir fjórum árum, segist vonast til þess að hægt verði að endurskapa að einhverju leyti stemninguna sem ríkti jafnan á ungliðahátíðum Verkamannaflokksins, þótt margir geti ekki hugsað sér að stíga þangað fæti eftir voðaverkin sem þar voru framin.

Í viðtali við norska ríkisútvarpið segist Stoltenberg skilja að um þetta séu skiptar skoðanir: „En þetta snýst um að finna jafnvægi,“ sagði hann.

Meira en þúsund ungmenni taka þátt í skemmtunum og stjórnmálanámskeiðum flokksins á eyjunni yfir helgina. Aðsóknin er meiri en þekktist áður fyrr.

Athafnir helgarinnar hófust strax í gær á minningarathöfn um hryðjuverkin árið 2011, og síðan flutti Stoltenberg, sem nú er framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, ávarp. Lögreglumenn verða viðstaddir alla helgina til að tryggja öryggi ungmennanna, enda þótt lítil hætta þyki á því að eitthvað í líkingu við voðaverk Breiviks endurtaki sig.

Breivik myrti 69 manns í Útey þegar hann gekk þar um, klæddur fatnaði sem minnti á lögreglubúning, og skaut af handahófi á fólk. Flestir hinna myrtu voru á unglingsaldri. Til eyjunnar hélt Breivik eftir að hafa myrt átta manns í Ósló, en þar kom hann sprengju fyrir við byggingu þar sem skrifstofur leiðtoga Verkamannaflokksins voru til húsa.

Meira en 200 manns særðust þennan dag, 22. júlí árið 2011. Græna kaffihúsið, þar sem Breivik myrti nokkur ungmenni, hefur ekki verið endurnýjað þrátt fyrir að skotför sjáist þar enn. Þess í stað hefur það verið gert að eins konar safni eða minningarstað um hryðjuverkið.

Breivik taldi sig þurfa að verja Noreg gegn „íslamsvæðingu“ og vonaðist til þess að voðaverkin myndu vekja fólk til meðvitundar um „hættuna“.

Sjálfur var hann dæmdur í 21 árs fangelsi, sem hægt er að framlengja meðan enn þykir stafa hætta af honum. Hann afplánar dóminn í einangrun í fangelsinu í Ila, skammt frá Ósló.

gudsteinn@frettabladid.is

Gróðureldarnir í Kaliforníu í Bandaríkjunum reynast illviðráðanlegri en áður:

# Þúsundir manna berjast við eld

**BANDARÍKIN** Hátt á fjórða þúsund slökkviliðsmanna berst nú við gróðureldana í Kaliforníu, sem nú þegar hafa eyðilagt meira en 40 heimili og meira en sex þúsund hús eru í hættu.

Reyndir slökkviliðsmenn segja eldana í ár illviðráðanlegri en áður hafi þekkst. Verstur er „Rocky“-eldurinn svonefndi, sem geisað hefur dögum saman norður af San Francisco.

„Um helgina sáum við þennan eld æða yfir 20 þúsund ekrur á fimm klukkustundum,“ er haft eftir Daniel Berlant, upplýsingafulltrúa slökkviliðsins í Kaliforníu, í bandaríska dagblaðinu The Washington Post. Hann segir elstu menn í liði sínu ekki muna eftir því að eldar hafi farið jafn hratt yfir.

Gróðureldar í Kaliforníu hafa orðið illviðráðanlegri með hverju árinu sem líður. Þurrkarnir eru meiri og hitastigið hærra.

Nú þegar hafa nærri 1.500 manns þurft að yfirgefa heimili sín. Um þrettán þúsund að auki hafa verið hvött til að forða sér að heiman. - gb



**ELDAR LOGA** Slökkviliðsmaður í Kaliforníu reynir hvað hann getur. NORDICPHOTOS/AFP

# SAMSUNG

# SPARIDAGAR

## Tilboð • Afslættir • Verðlækkun




48″ eða 55″ UltraHD Samsung sjónvörp með þráðlausu interneti

**UE48JU6415 kr.199.900.-**
**UE55JU6415 kr. 269.900.-**



43″ Samsung sjónvarp með þráðlausu interneti.
**UE43J5505AK kr. 106.000.-**




48″ eða 55″ UltraHD bogin Samsung sjónvörp með þráðlausu interneti.

**UE48JU6675 kr. 199.900.-**
**UE55JU6675 kr. 269.900.-**

## SKELLTU ÞÉR SPARIFÖTIN - AFSLÁTTUR ALLAN HRINGINN

### FRYSTISKÁPUR



RZ27H6200WW

**277 lítra**
**180 cm hár**
**Blásturs kældur**
**(no frost.)**
**Aldrei að afþýða.**

**Kr. 119.920.-**

### SOUNDBAR - BEINIR




**Áttu 48″ SAMSUNG sjónvarp?**
**Soundbar HW-H751 silfur 310W**
**m. með bassaboxi.**

### ÞVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR



**Þurrkari með varmadælu**
DV70F5E0HGW
**106.000.-**

**7 kg 1200 SN**
WF1702NHV
**KR. 59.900.-**

### KÆLISKÁPAR AF ÖLLUM GERÐUM




### MYNDAVÉLAR

**SAMSUNG NX1000** **SAMSUNG NX210**




20.3 milljón pixlar / 3″ (7.62cm) LCD Skjár 640 x 480, 614k / APS-CMOS Sensor / 8 rammar á sec / Hægt að skipta um linsur / Direct Wi-fi / I-Function linsa / Hljóðupptaka með mynd / Smart Auto / Panorama, 3D View

**Kr. 49.900,-** **Kr. 69.900,-**

### TÖLVUSKJÁIR OG PRENTARAR




**Allar helstu gerðir af prenturum og gott úrval af hágæða tölvuskjám frá SAMSUNG.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

# Fólk er gjarnt á að flokka og greina

Einar Þór Jónsson, formaður HIV-samtakanna, var fyrstur Íslendinga til að koma út úr skápnum sem HIV-smitaður hommi. Hann ræðir um fjölskylduna, átakanlega tíma á níunda áratugnum, og hvernig hann öðlaðist nýtt líf með tilkomu lyfja sem halda veirunni niðri.

**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is
**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



„Óvissan, vanþekkingin og óttinn í byrjun varð til þess að það mynduðust strax miklir fordómar og stimplun við það að greinast með HIV. Það er eitthvað sem við erum enn að eiga við og hefur ekki gengið nægilega vel að vinna okkur frá. Það er þessi stimplun, það að skilgreina eða flokka fólk eftir því hvernig og hvar það smitaðist,“ segir Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV-samtakanna.

Hinsegin dagar eru nú í fullum gangi og taka HIV-samtökin þátt í hátíðinni líkt og fyrri ár. „HIV-samtökin eru áberandi í ár, enda yfirskrift Hinsegin daga heilbrigði og heilsa. Þá kemur það af sjálfu sér, að umfjöllunin er um HIV að hluta til. Samfélag samkynhneigðra karla varð illa fyrir barðinu á HIV og alnæmissjúkdómnum, sérstaklega á árum áður en þetta er enn alvarlegt mál sem þarf stöðugt að fylgja eftir og halda uppi upplýsingum um,“ segir Einar.

Sjálfur þekkir hann sjúkdóminn vel. Hann greindist fyrir um þrjátíu árum þegar greining var nánast dauðadómur. Síðan hefur tækninni fleygt fram og í dag geta HIV-smitaðir lifað góðu lífi þar sem lyf við sjúkdómnum halda veirunni í skefjum.

**Kraftaverki líkast**

„Ég er ekki óhlutdrægur, en mér finnst þessi sjúkdómur afskaplega áhugaverður. Ekki bara vegna þessarar sögu, heldur þess að það fundust lyf. Þetta er búið að vera kraftaverkasaga, ævintýri líkast. Það er mikið drama, mikil sorg í kringum sjúkdóminn. Staðan í dag er sú að það eru komin það góð lyf að fólk finnur ekki fyrir miklum aukaverkunum, margir taka aðeins eina töflu á dag og það heldur veirunni í skefjum svo fólk þróar ekki með sér alnæmi. Á Vesturlöndum og í velferðarríkjum þar sem heilbrigðiskerfið er gott fær fólk lyf og þar er alnæmi orðið mun sjaldgæfara en áður. Á Íslandi eru mörg ár síðan einhver hefur fengið alnæmi. Bestu fréttirnar eru þær að fólk með HIV sem er á lyfjum smitar ekki aðra. Veiran er í dvala og þú ert ekki smitandi lengur. Þetta eru góðar fréttir fyrir öll samfélög.“

Einar segir marga hrædda við að segja frá.

„Það að búa með sjúkdóminn er í raun og veru tabú, feimnismál, stimplun og þú leggur ekki í það að segja þínum nánustu, þínum vinnustað, þínum vinahópi frá. Ég er farinn að leyfa mér að segja að fólk sem býr við svona álag, lengi og í mörg ár, það er eitthvað sem hefur áhrif á velferð og möguleika í tilverunni. Að geta ekki lifað með reisn með ákveðinn sjúkdóm. Líkt og þú værir með sykursýki eða aðra langvinna sjúkdóma sem hægt er að halda niðri með lyfjum. Við höfum ekki fengið nægjanlegan stuðning frá opinberum heilbrigðiskerfum til að vinna með þennan þátt.“

**Fyrstur til að stíga fram**

Einar var fyrstur Íslendinga til þess að stíga fram og segja frá því opinberlega að hann væri með HIV. Það gerði hann í sjónvarpsviðtali við Sigrúnu Stefánsdóttur árið 1992. Þátturinn vakti mikla athygli.

„Þetta var á þeim tíma þegar þetta var svo erfitt allt. Ég var í raun og veru bara að kveðja,“ segir hann og heldur áfram:

„Ég var ekki orðinn alvarlega veikur en það var ekkert annað að gera en að undirbúa það að þú myndir veikjast mjög illa innan tíðar. Að greinast með HIV var ávísun á dauðadóm. Það var ekkert hægt að gera. Á þessum árum dóu margir vinir og fólk sem maður hafði kynnst í gegnum þessa baráttu, vinir og kunningjar úr hommasamfélaginu og líka konur og karlar sem ég hafði kynnst í gegnum hópastarf hér heima. Þetta var átakanlegur tími.“

Viðbrögðin eftir viðtalið voru misjöfn. „Fólk var mjög hrætt og margir smithræddir á þessum árum. Vissu ekki almennilega hvernig sjúkdómurinn smitaðist. Fólk var einfaldlega mjög óttaslegið, margir hverjir.“

Um 1997 komu ný lyf á markað og Einar var einn þeirra fyrstu hérlendis til þess að fá lyfin sem björguðu lífi hans.

**Erfitt að koma út úr skápnum**

Einar er fæddur og uppalinn í Bolungarvík. Allir þekktu alla í litla sjávarplássinu og það var ekki auðvelt skref að stíga út úr skápnum. „Það var ekkert grín, þetta var heilmikið mál. Ég kom til Bolungarvíkur og vann þar hjá föður mínum eftir að ég hafði komið út opinberlega, áður hafði ég búið á Englandi. Auðvitað var maður allt öðruvísi í svona litlu samfélagi þar sem allir þekkja alla. Fjölskyldan mín var áberandi fólk á þessu svæði. Maður setti samfélagið aðeins á hliðina. Fólk kom almennt ekki út úr skápnum, hvað þá í minni samfélögum, og ef það gerði það flutti það hið snarasta í burtu. Það var umtalað að hann eða hún væri hinsegin, eða kynvilltur eða hvað það hét.“

Hann segir fjölskylduna hafa átt erfitt með opinberun hans í fyrstu en fljótlega hafi allir orðið sáttir. „Þetta var heilmikið mál í byrjun, að ég væri hommi og með HIV. Ég get til dæmis nefnt minn aldraða föður sem er yndislegur pabbi. Þetta var erfitt fyrir hann. Það getur ekki verið neitt annað en erfitt þegar hlutir eru svona framandi. En þegar hann var búinn að jafna sig, sem tók ekki langan tíma, og sætta sig við þetta og ræða málin hefur hann alltaf verið mikill stuðningur. Svo eðlilegur í öllu. Ég á mann, er giftur og hef verið í yfir tuttugu ár og hann hefur verið hluti af fjölskyldunni. Þetta er ekkert sem er rætt, eða þarf að ræða. Svona vinnur tíminn og fræðslan með.“

**Nánast réttdræpir**

Einar flutti til London á níunda áratugnum til þess að nema innanhússarkitektúr en skemmtanalífið heillaði meira enda blómlegur tími í hommasenunni í London. Þar skemmti hann sér meðal annars með Freddie Mercury. „Ég spjallaði einu sinni við hann. Hann var mjög látlaus náungi, lágvaxinn og talaði lágt. Ég vissi ekkert hver hann var, þeir þekktust hann og þáverandi kærasti minn. Í þá daga voru gay-barirnir yfirleitt þannig að þú þurftir að vera meðlimur til að komast inn, til að vernda fólk fyrir árásum. En Freddie var mjög hógvær náungi og rosalegur listamaður, eins og við öll vitum.“

Í London smitaðist hann af veirunni og kom heim 1985. Þá var mikil gerjun í réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi. Miklir fordómar í samfélaginu og víða máttu samkynhneigðir þola útskúfun. „Þetta var ofboðslega erfiður tími, það var erfitt að vera hommi, maður varð fyrir óréttmætri gagnrýni, hent út af skemmtistöðum og mátti ekki þetta og hitt. Saga samkynhneigðra er blóði drifin. En nú sitjum við hér 2015 og horfum til baka og það er ekki hægt annað en fyllast þakklæti fyrir hvað áunnist hefur, hvað þetta er gjörbreytt samfélag. Við erum mjög heppin á Íslandi, að vera hinsegin hér,“ segir hann.



**BARÁTTUJAXL** Einar segir mikilvægt að halda uppi upplýsingum um sjúkdóminn. HIV-smitaðir á lyfjum smita ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hommar gátu átt von á því að verða fyrir barsmíðum fyrir að vera samkynhneigðir. „Löggæslan var ekki hliðholl samkynhneigðum. Hommarnir voru nánast réttdræpir á einhverju tímabili og ef átti að sækja rétt sinn voru engar aðstæður til þess. Fjölmiðlar sýndu okkur engan áhuga. Við gátum aldrei talað um málefni samkynhneigðra. Það mátti ekki auglýsa fundi eða viðburði á vegum Samtakanna,“ segir hann og segir ótrúlegt að hugsa til þess að ekki sé lengra síðan.

Að vera HIV-smitaður hommi á níunda áratugnum var ekki eftirsóknarvert hlutskipti. Margir áttu erfitt með að stíga fram og játa það fyrir sínum nánustu. „Það voru margir sem komu aldrei fram, hvort sem þeir bjuggu á Íslandi eða erlendis, höfðu ekki komið út gagnvart fjölskyldunni. En fá samt þennan hræðilega sjúkdóm og sumir gátu aldrei klárað þetta mál gagnvart sínum nánustu. Það voru dæmi um að sagt væri að viðkomandi væri að deyja úr krabbameini. Sumir voru ekki heimsóttir. Mér væri hugleikið að gera þessu einhvern tímann á einhvern hátt skil. En það er ekkert gaman eða skemmtilegt að rifja þetta upp, því þetta er mjög dapurleg saga, en sagan sem á eftir kom, það er saga sigra og saga kraftaverka. Alveg eins og saga hinsegin fólks almennt.“

**Í hádegisverð hjá Obama**

Það má segja að Einar hafi lifað og hrærst í réttindabaráttu ýmiss konar undanfarna áratugi. Hann er menntaður þroskaþjálfi og hefur líka beitt sér í baráttu fyrir málefnum þroskahamlaðra. „Ég þekki orðið þetta málefni, HIV, ansi vel, hef farið á ráðstefnur um allan heim og séð margt breytast. Mér þykir líka vænt um það þegar ég heyri og finn að óttinn er á undanhaldi. Það eru ríki sem hafa verið með mjög ströng smitsjúkdómalög, eins og ef þú værir að lifa kynlífi með einhverjum og ert með HIV og segir ekki viðkomandi frá því þó að þú að alls öryggis sé gætt, gat það þýtt fangelsisdóm. Þetta var allt mjög viðkvæmt og erfitt fyrir einstaklinga með sjúkdóminn. Að verða fyrir höfnun eða lenda í því að verða glæpavæddur. Bandaríkjamenn voru með ferðahömlur, sem voru settar á fyrir 1990 að HIV-jákvætt fólk mætti ekki ferðast til landsins. Þetta varð til þess að það var aldrei hægt að hafa alþjóðlega ráðstefnu um HIV af því að fólk með HIV mátti ekki fara til landsins. Þeir sem voru að fara til Bandaríkjanna voru að smygla sér inn og fela lyfin sín með hjartslátt í gegnum tollinn. Réttindalausir og allslausir. Síðan er þessum lögum aflétt.“ Hann segir það hafa verið mikinn sigur.

„Þá er sett á alþjóðleg ráðstefna, í Washington DC 2012, og ég skráði mig. Ég hafði svarað spurningum á umsókninni að ég væri með HIV og ég væri búin að vinna að fræðslu og forvörnum í mínu heimalandi. Þegar ég kem á hótelherbergið mitt í Washington DC er umslag þar merkt Einar Jonsson og mér er boðið í hádegismat í Hvíta húsið til Baracks Obama.“ Einar hélt að einhver væri að stríða honum en svo reyndist ekki vera. Honum var boðið í hádegisverð hjá Bandaríkjaforseta ásamt fjörutíu öðrum HIV-smituðum einstaklingum „Hann var svo ánægður að búið væri að aflétta þessum lögum, því þarna væri hægt að fara í samvinnu til að minnka óttann og þetta stigma. Þarna vorum við komin að ræða þessi mál, alveg frábært,“ segir hann um Obama.

„Þetta var upplifun. Ég er ekki bara að monta mig af því að hafa borðað hádegisverð með Bandaríkjaforseta, heldur þykir manni svo vænt um að verið sé að áorka einhverju.“

**Bíða og sjá**

Mál nígerísks hælisleitanda sem sagður er hafa vísvitandi smitað konur af HIV hefur vakið mikla athygli hérlendis. „Mér brá illa við og auðvitað mörgu fólki sem tengist HIV-félaginu og samfélaginu, þetta er mál sem hefur allavega fengið þá umfjöllun að það er ekki til neins nema vekja ótta. Ég get ekki mikið um þetta sagt, ég hvorki má það né veit það. En þetta er dapurlegt. Mér persónulega finnst illskiljanlegt að einhverjir séu vísvitandi að smita annað fólk af þessum alvarlega sjúkdómi. Svo má auðvitað spyrja alls kyns spurninga um þetta mál, allavega út frá því sem maður hefur séð í fjölmiðlum, hvernig tekið er á móti hælisleitendum, hvernig heilbrigðisskoðun þeir fá. Þarna virðist hafa komið eitthvað mjög alvarlegt upp. Einn einstaklingur er tekinn af lögreglunni og settur í fjögurra vikna fangelsi. Þannig að það hlýtur að vera eitthvað mikið sem þarf að rannsaka og við þurfum að bíða og sjá hvað kemur upp úr dúrnum.“

**Mikilvægt að opna á umræðuna**

Einar segir mikilvægt að tala um hlutina. Hans barátta hefur að miklu leyti snúist um að opna á umræðu um málefni sem fólk er hrætt við að tala um. Talið berst að yngri bróður hans, Ásgeiri Þór, sem framdi sjálfsvíg árið 2007, aðeins fertugur. „Það var skelfilegt fyrir okkur öll. Það er eitthvað sem maður má nefna og segja frá eins og svo margt annað sem má segja þó að það sé tabú.“

Bróðir hans glímdi við þunglyndi. „Fjölskyldan ákvað að það yrði enginn feluleikur. Við erum ekkert í tíma og ótíma að rifja þetta upp, en þetta gerðist, því er ekki hægt að breyta og því má aldrei gleyma,“ segir hann hugsi.

„Við vorum ólíkir en nánir. Ég sakna hans mikið. Þetta var alveg skelfilegt fyrir okkur öll. Hann var mjög flottur og mikill lífskúnstner og glaður maður en líka dapur á milli, oft eins og svona miklar og sérstakar týpur. Hann var alveg ógleymanlegur.“

*Ertu mikill fjölskyldumaður?*

„Já, við erum náin fjölskylda. Það hefur gengið á ýmsu, við höfum ekki farið varhluta af áföllum frekar en aðrar fjölskyldur. Mamma mín dó þegar ég var 12 ára frá okkur systkinum og ég held að það hafi tengt okkur órjúfanlegum böndum. Ég ólst upp með pabba og stjúpmóður sem er alveg frábær. Þar á ég hálfbróður. Það hefur margt gerst, margt gott og margt erfitt líka.“

Eiginmaður Einars heitir Stig og er sænskur. „Svo varð ég afi í byrjun júlí og ég eignaðist ofboðslega fallegan afastrák. Það er flotta stelpan mín sem eignaðist hann. Það gengur á ýmsu en eins og maður segir, lífið bæði gefur og tekur, en það er sem betur fer meira um ánægjustundir en hitt.“

**visir.is**

Ítarlegra og lengra viðtal við Einar Þór má hlusta á í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið á Vísi.


ÚTSALAN ER HAFIN
15-60% AFSLÁTTUR
Íslenska sumarið
Stærð 140x200
Áður 7.990 kr
Nú 4.990 kr
37%
afsláttur
Lín
DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • www.lindesign.is







Häagen-Dazs ís



Norðursalt
Íslenskt flögusalt.




Tradizionale pizzur
Hver er þín uppáhalds?

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

ATH! Afsláttur gildir aðeins um helgina



NOW vítamín 20% afsláttur



Himnesk lífræn krydd

Gildir til 9. ágúst á meðan birgðir endast.



## TURMERIC DRYKKURINN
## MEÐ KÓKOSBRAGÐI

Túrmerikrótin hefur verið notuð öldum saman til að vinna á ýmis konar kvillum eins og bólgum, gigt, meltingarvandamálum, ofnæmi og jafnvel blóðsjúkdómum. Túrmerikrótin hefur verið nefnd sem ein heilsusamlegasta fæða heims.



24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng
& Eiðistorg
og á Akureyri
í sumar!



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
FRAM-
HRYGGJAFILE
3.999 kr/kg
verð áður 4.999
ÍSLANDS
NAUT
Stolt kjötmeistarans
ÍSLENSKT NAUTAKJÖT
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
UNGNAUTA-
HAKK
1.815 kr/kg
verð áður 2.269
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
PIPARSTEIK
3.439 kr/kg
verð áður 4.299
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
HAMBORGARAR
4X80 gr
879 kr/pk
verð áður 1099
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
NAUTA
RIB-EYE
3.999 kr/kg
verð áður 4.999
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
ENTRECOTE
3.999 kr/kg
verð áður 4.999
ÚRVAL AF
BERNAISESÓSUM
BERNAISE
SÓSA
Bearnaise
sósa
BERNAISESÓSA
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Makrílsréttindi

Ég skal standa vörð um mannréttindi og taka þátt í að þvinga önnur ríki til að virða mannréttindi, svo lengi sem það hefur ekki áhrif á viðskiptahagsmuni mína. Ef þú ert að kaupa fisk af mér, makríl til dæmis, þá ætla ég ekki að hafa skoðun á því hvernig þú ferð með þegna þína, hvort þú ræðst inn í önnur ríki eða að skipta mér yfirhöfuð nokkuð af því hvað þú gerir, annað en að kaupa makrílinn af mér.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

kolbeinn@frettabladid.is

Nokkurn veginn svona má súmmera upp málflutning þeirra sem vilja að Íslendingar hætti að styðja viðskiptabann ESB á Rússa. Þvingununum var komið á í fyrra, í kjölfar framferðis Rússa á Krímskaga og í Úkraínu og sagt eiga að knýja þá til að fara eftir skilmálum vopnahlés í Úkraínu.

Viðskiptabannið er um margt umdeilt. Það er margt á huldu um stríðið í Úkraínu og erfitt að finna nokkurn hvítþveginn og saklausan í þeim deilum. Þá hefur sú skoðun heyrst að viðskiptabannið sé ekki síst sett með hagsmuni ákveðinna Evrópuríkja í huga. Að minnsta kosti væru þau mörg viðskiptabönnin ef eitt gengi yfir alla.

En hvað sem því líður þá er viðskiptabannið á Rússa staðreynd, sett með ákveðnum skilyrðum og ákveðnar kröfur settar fram. Viðskiptabönn eru verkfæri í vopnabúri alþjóðastjórnmála. Þau hafa oft og tíðum virkað vel; nægir að horfa til Apartheid í Suður-Afríku. Og Íslendingar hafa sem hluti af Evrópska efnahagssvæðinu, og raunar blandast aðild að Atlantshafsbandalaginu þar inn í líka, stutt viðskiptabannið.

Ekki er annað að ætla en að um það hafi farið fram töluverð umræða í ríkisstjórn á sínum tíma, líklega utanríkismálanefnd líka, eða hvað? Jafn róttæk aðgerð og að styðja viðskiptabann á þjóð sem á í ríkum viðskiptum við landið hlýtur að hafa verið vel undirbúin. Og þar sem allir og amma þeirra sáu fyrir hver viðbrögð Rússa yrðu við viðskiptabanninu hlýtur ríkisstjórn Íslands að vera vel undir það búin að Rússar svari í sömu mynt og setji viðskiptabann á Ísland.

Utanríkismálanefnd fundaði um málið í gær og niðurstaðan er sú að halda eigi áfram stuðningi við viðskiptabannið. Það er gott að kerfið skuli bregðast við, nefnd funda þó sumarleyfi séu og ráðherra taka afstöðu í jafn stóru máli. Allt þetta hefði þó verið hægt að sjá fyrir, því þó Rússar hafi leyft Íslendingum að höndla með fisk lengur en mörgum öðrum þjóðum sem styðja viðskiptabannið, var það alltaf tímaspursmál hvenær því linnti.

Fiskútflytjendur kvarta nú sáran yfir því að halda eigi stuðningi við viðskiptabannið til streitu. Þeir virðast ekki hafa séð fyrir hver viðbrögð Rússa yrðu, sem bendir ekki til þess að þeir þekki viðskiptavini sína mjög vel. Utanfrá séð lítur það þannig út að Íslendingar hafi notið þess á meðan því stóð að geta ein fárra þjóða selt fisk sinn í Rússlandi, en nú virðist það vera á enda.

Hvað sem að endingu gerist á stefna varðandi mannréttindi ekki að ráðast af því hversu mikið við græðum eða töpum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Veit einhver af því?

Björt framtíð er í tilvistarkreppu, um það verður trauðla deilt. Fylgi flokksins hefur hrapað í skoðanakönnunum. Þó að skoðanakannanir séu ótryggur mælikvarði, þá er litlu öðru til að dreifa þegar kemur að Bjartri framtíð. Flokkurinn hefur undanfarna mánuði dansað við 5% mörkin, sem þarf til að ná manni inn á þing, og í nýjustu könnun MMR er hann undir þeim mörkum. Guðmundur Steingrímsson, formaður flokksins, hefur merkilega lítið haft sig í frammi undanfarna mánuði til að svara fyrir fylgishrunið, en sjónum hefur frekar verið beint að öðrum, til dæmis Samfylkingunni og formanni hennar. Guðmundur var þó í viðtali við Morgunblaðið á miðvikudag og velti því fyrir sér hvort fólk almennt vissi um þau þjóðþrifamál sem Björt framtíð stæði fyrir. „Veit einhver af því?"spurði formaðurinn, sá sem ber alla ábyrgð á að svo sé.



### Hvað hefur breyst?

Björt framtíð fékk 8,2 prósent í kosningunum 2013, en hafði nokkrum mánuðum áður mælst með um 20 prósent fylgi. Hvað hefur breyst? Hvað var það sem kjósendur voru svo meðvitaðir um gagnvart Bjartri framtíð í aðdraganda síðustu kosninga að flokkurinn mældist svo hátt sem raun bar vitni, en vita ekki nú? Fylgishrunið hlýtur að kalla á einlæga naflaskoðun forystumanna flokksins.



### Evrópustefnan ósvarað

Á vef utanríkisráðuneytisins er að finna lista yfir fyrirspurnir til Gunnars Braga Sveinssonar ráðherra. Eða reyndar ekki, þegar á hlekkinn er smellt kemur í ljós að í raun er þar að finna svörin við fyrirspurnunum. Þar vantar ósvaraðar fyrirspurnir, en á vef Alþingis má sjá að ráðherra á eftir að svara þremur fyrirspurnum. Þar ber kannski hæst fyrirspurn um Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar, sem fróðlegt verður að fá svör við.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hinsegin hnökrar

JAFNRÉTTI



**Óskar Steinn Ómarsson**
upplýsingafulltrúi Ungra jafnaðarmanna.

Í leiðara Fréttablaðsins miðvikudaginn 5. ágúst skrifar Fanney Birna Jónsdóttir um „hnökrana“ sem eftir eru í jafnréttisbaráttu hinsegin fólks. Sem dæmi um „hnökra“ þessa skrifar Fanney Birna um raunir samkynja hjóna frá Rússlandi og Lettlandi sem giftu sig á Íslandi en fá ekki skilnað hér því lagaheimild skorti.

Látum það liggja á milli hluta hvort orðið „hnökrar“ eigi við í þessu tilviki. Það sem vakti hins vegar athygli mína við lesturinn var að ekki einu orði var minnst á þá „hnökra“ sem jaðarhópar hinsegin regnhlífarinnar þurfa enn að glíma við.

Í leiðaranum vitnar Fanney Birna í orð Evu Maríu Þórarinsdóttur, formanns Hinsegin daga, sem lét hafa eftir sér í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn þriðjudag að skipuleggjendur hátíðarinnar í ár hafi þurft að velta fyrir sér hvers vegna enn sé verið að halda hátíðina. Eva bætti svo við: „Það hefur orðið svo mikil þróun hér á landi og við erum komin með þannig séð öll réttindi sem við höfum verið að berjast fyrir.“

Í leiðara Fanneyjar Birnu og í viðtalinu við Evu Maríu kristallast vandamál hinsegin hreyfingarinnar. Samkynhneigt sís fólk yfirgnæfir umræðuna og

**➜ Þetta eru ekki „hnökrar“. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að við höldum Hinsegin daga.**

aðrir sem tilheyra hinsegin regnhlífinni verða eftir í baráttunni.

Við erum nefnilega ekki komin með öll réttindi sem við höfum barist fyrir. Það misrétti sem enn á eftir að leiðrétta getur ekki með nokkru móti kallast „hnökrar“. Það á enn margt eftir að gera í réttindum hinsegin fólks, þá sérstaklega trans- og intersexfólks og annarra sem tilheyra jaðarhópum hreyfingarinnar.

Þó að við sem erum „bara“ samkynhneigð njótum þeirra forréttinda að geta upplifað hversdagsleg vandamál okkar sem „hnökra“ þá upplifir hinsegin fólk innan okkar raða ennþá ofbeldi, kerfisbundna mismunun og brjálæðislega fordóma. Það rekst á endalausa og himinháa veggi í kerfinu. Því er ýtt út í læknismeðferðir sem það vill ekki. Það er talið geðveikt. Það verður fyrir einelti og lifir við skert atvinnuöryggi.

Þetta eru ekki „hnökrar“. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að við höldum Hinsegin daga.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Við eigum að vera hrædd

Í DAG
**Sif Sigmarsdóttir**
rithöfundur



„Fólkið var sótsvart og rauðflekkótt, líkamar þaktir brunasárum og blóði. Það var varla að sjá að þetta væru manneskjur. Fólkið teygði fram handleggina því húðin bráðnaði utan af holdinu – aðeins neglurnar héldust á sínum stað. Fötin höfðu fuðrað upp og það kallaði „mamma, mamma“. Fólk dó gangandi.“

Megumi Shinoda er 83 ára. Hún er „hibakusha“ en svo eru þeir kallaðir sem lifðu af kjarnorkuárásir Bandaríkjanna á Japan 6. ágúst og 9. ágúst árið 1945. Shinoda var þrettán ára þegar kjarnorkusprengjunni „litla dreng“ var varpað á heimaborg hennar Hírósíma. Systir hennar og yngri bróðir létust í árásinni. Stuttu síðar missti hún flestalla ættingja sína úr krabbameini sem orsakaðist af geislavirkni.

Í gær var þess minnst að sjötíu ár eru frá árásinni á Hírósíma. Á sunnudaginn verða sjötíu ár frá því að kjarnorkusprengjunni „þeim feita“ var varpað á Nagasaki.

Megumi Shinoda helgar nú líf sitt því að minna umheiminn á það sem hún sá þennan örlagaríka ágústmorgun fyrir sjötíu árum. Hryllingur er of vægt orð yfir það sem bar fyrir augu. Frásagnir greina frá skaðbrenndu fólki sem lá eins og hráviði um borgirnar, fólki sem ráfaði um rústirnar eins og uppvakningar, svart af bruna, án útlima og með skinnið hangandi eins og tætta leppa utan á sér. Mæður hlupu frávita um í leit að börnum sínum. Börn hrópuðu grátandi á mæður sínar þjóta hjá því þær þekktu ekki börnin sín sem voru svo illa brennd.

Shinoda er þeirrar skoðunar að hægt sé að koma í veg fyrir að atburðir sem þessir endurtaki sig ef við gætum þess aðeins að gleyma ekki. Í baráttu sinni gegn óminni stendur hún nú í stappi við stofnun sem flestir hefðu haldið að væri bandamaður hennar.

Frá árinu 1971 hafa þrjár gínur skipað stóran sess í friðarsafninu í Hírósíma. Um er að ræða líkneski af konu og tveimur börnum sem reika skaðbrennd um borg í logum. Er þeim ætlað að fanga aðstæður rétt eftir að kjarnorkusprengjan sprakk.

En nú stendur til að fjarlægja gínurnar. Ástæðan er meðal annars sú að þær þykja of óhugnanlegar.

Shinoda gremst ákvörðunin og berst gegn henni. „Það er einmitt tilgangurinn,“ segir hún. „Við eigum að vera hrædd.“

**Þriðja hernaðarbyltingin**

Mannkynið stendur á tímamótum. Fyrst var það byssupúðrið. Svo kjarnorkusprengjan. Nú er þriðja hernaðarbyltingin handan hornsins.

Í síðustu viku sendu þúsund af fremstu vísindamönnum heims frá sér yfirlýsingu þar sem varað var við hervæðingu gervigreindar. Er þess farið á leit að vopn sem reiða sig á slíka tækni verði bönnuð. Að yfirlýsingunni stóðu meðal annarra Nóbelsverðlaunahafinn Stephen Hawking og stofnandi Apple, Steve Wozniak.

„Mannkynið stendur frammi fyrir vali,“ segir í tilkynningunni. „Viljum við hefja nýtt vopnakapphlaup eða viljum við koma í veg fyrir það?“ Telur hópurinn að drápsvélmenni sem geta tekið sjálf stjórnina í ákveðnum aðstæðum séu hættulegri mannkyninu en kjarnorkusprengjan. „Hefji eitthvert stórveldanna framleiðslu á vopnum með gervigreind er vopnakapphlaup óhjákvæmilegt.“

**Sjónarvottum fer fækkandi**

Þann 6. ágúst ár hvert er nöfnum allra „hibakusha“ sem létust á árinu bætt við minnisvarða sem stendur skammt frá þeim stað sem kjarnorkusprengjan féll í Hírósíma. „Hibakusha“, sjónarvottum að árásunum, fer nú ört fækkandi.

Það kann að útskýra hve mikið í mun Megumi Shinoda er að gínurnar í friðarsafninu fái að halda sér. Hún brast í grát er hún fylgdi blaðamanni nýverið um safnið. „Fólkið leit nákvæmlega svona út,“ sagði hún og benti á gínurnar. „Það stendur mér lifandi fyrir hugskotssjónum í hvert sinn sem ég kem hingað. Ef gínurnar eru fjarlægðar úr safninu, hvernig á fólk að fara að því að muna?“

**Hvað ef fortíðin er núna?**

Sjötíu ár eru liðin frá því heimsbyggðin stóð síðast á heljarþröm vegna hugvitssemi mannkynsins á sviði vopnaframleiðslu. Á sama tíma og harmleiksins í Hírósíma og Nagasaki er minnst varar vísindasamfélagið við nýrri tegund vopna sem kann að reynast manninum enn hættulegri en kjarnorkusprengjan. Mikilvægt er sem aldrei fyrr að við gefum sögunni gaum, verðum við óskum Shinoda og gætum þess að gleyma ekki. Jafnmikilvægt er að leggja við hlustir og hlíta ráðum vísindamanna. Þótt við getum eitthvað þýðir það ekki að við eigum að gera það. Þótt maðurinn geti búið til vopn sem býr yfir gervigreind þýðir það ekki að slíkt skref sé óhjákvæmilegt. Við höfum alltaf val.

Gjarnan er haft á orði að framtíðin sé núna. En hvað ef fortíðin er núna?

Það er ekki nóg að muna og hlusta. Við þurfum líka að opna augun. Því öðruvísi sjáum við ekki hvenær sagan er að endurtaka sig.

En nú stendur til að fjarlægja gínurnar. Ástæðan er meðal annars sú að þær þykja of óhugnanlegar. Shinoda gremst ákvörðunin og berst gegn henni. „Það er einmitt tilgangurinn,“ segir hún. „Við eigum að vera hrædd.“









# SKIPTIBÓKA BÓNUS!

Penninn Eymundsson

Smáralind, Kringlan, Mjódd, Hallarmúli, Austurstræti, Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður, Vestmannaeyjar.

KT:560109-0670 VSK:100269

## VÖRUSKIL

| Lýsing | | Upphæð |
|---|---|---|

**Skiptibókabónus**

+ 400 kr fyrir hverja bók

| | | |
|---|---|---|
| Stærðfræði | 1.stk | 2.320 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Líffræði | 1.stk | 2.400 |
| Skiptibókabónus | | 400 |

Samtals kr. 5.520

Inneignarnóta - 5.520

Fyrir hverja bók sem þú skilar færðu auka 400 kr. inneign.

Þökkum viðskiptin



# KOMDU NÚNA!

## FÁÐU DÚNDURVERÐ FYRIR ÞÍNAR SKIPTIBÆKUR!

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Penninn Eymu



Vildarverð
499
krónur

Verð áður: 549 kr.




Vildarverð
2.469
krónur

Verð áður: 3.082 kr.



Vildarverð
349
krónur

Verð áður: 499 kr. Kúlupenni stylus Slider




Vildarverð
59
krónur

Verð áður: 119 kr.




Vildarverð
1.195 kr
5 stk

Verð áður: 2.745 kr
5.stk




Vildarverð
899
krónur

Verð áður: 1.839 kr.



Vildarverð
229
krónur

Verð áður: 379 kr.




Vildarverð
4.999
krónur

Verð áður: 11.999 kr.

**TÖKUM Á MÓTI NÁMSBÓKUM Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM:**

**KRINGLAN | SMÁRALIND**

**HALLARMÚLI 4 | AUSTURSTRÆTI | AKUREYRI | HAFNARFIRÐI | MJÓDD**

**AKRANESI | ÍSAFIRÐI | KEFLAVÍK | VESTMANNAEYJUM**

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

ndsson áskilur sér rétt til þess að hafna móttöku einstaka námsbóka án fyrirvara. Tilboð gildir frá 07.08.15 til og með 09.08.15, eða meðan birgðir endast . Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1727** Öræfajökull byrjar að gjósa. Mikið öskufall stendur í þrjá daga svo sá vart mun dags og nætur. Gosið stendur yfir í eitt ár. Áður gaus Öræfajökull á sögulegum tíma árið 1362 og lagði þá Litlahérað í auðn.

**1772** Fjalla-Eyvindur Jónsson og Halla Jónsdóttir eru handtekin á Sprengisandi og flutt norður í Mývatnssveit. Skömmu síðar slapp Eyvindur og tekst fljótlega að frelsa Höllu. Þau liggja úti í tæpa tvo áratugi.

**1906** Bandaríski heimspekingurinn Nelson Goodman fæðist á þessum degi.

**1939** Haukur Einarsson syndir Grettissund frá Drangey til lands á mettíma, þremur klukkustundum og 20 mínútum.

**1945** Áfengisskömmtun, sem staðið hafði í fimm ár, er hætt.

**1960** Fílabeinsströndin fær sjálfstæði frá Frakklandi.

**1960** Vilhjálmur Einarsson bætir eigið Íslandsmet í þrístökki frá því í Melbourne 1956, og stekkur 16,70 metra á frjálsíþróttamóti í Reykjavík. Var það þá næstlengsta stökk í heimi. Þetta met stendur enn.

**1975** Leikkonan Charlize Theron fæðist á þessum degi.

# Ekki tölu á leikföngunum

Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi fagnar fimm ára afmæli á morgun. Umsjónarkonan Guðbjörg Ringsted segir áhugann á leikföngum hafa kviknað árið 1992 í Finnlandi.



**LEIKFANGASAFNARI** Guðbjörg er umsjónarkona safnsins og hefur sjálf safnað leikföngunum sem sýningin skartar. MYND/GUÐBJÖRG

„Þetta er bara einkasafn, ég fékk bara svona rosalegan áhuga á leikfangasöfnun þegar ég var stödd í Borgå í Finnlandi á rosalega fallegu leikafangasafni. Það var árið 1992 og safnið var í litlu gömlu húsi og þetta var allt svo yndislega krúttlegt,“ segir Guðbjörg Ringsted, myndlistarkona og umsjónarkona Leikfangasýningarinnar í Friðbjarnarhúsi á Akureyri, um upphaf þess að hún sló til og opnaði leikfangasýningu.

„Ég passaði vel upp á dúkkurnar og dótið mitt og um tvítugt sá ég einhvern gamlan lager til sölu á Rauðarárstíg og keypti mér tvær dúkkur þar, en það var nú bara meira fyrir mig.“

Sýningin fagnar fimm ára afmæli á morgun en í kjölfar leikfangaáhugans sem vaknaði í Finnlandsheimsókninni auglýsti Guðbjörg eftir að fólk, sem ætti gömul leikföng, setti sig í samband við hana. Eftir það hóf fólk að gauka að henni ýmiss konar gömlum leikföngum en Guðbjörg segir þó að mest hafi verið um dúkkur á fyrstu árum safnsins, en nú kenni ýmissa fleira að grasa. Til dæmis eru þar handmálaðir tindátar frá árinu 1925, gamlar barnabækur, bílar og bangsar.

„Árið 2003 var ég búin að vera að safna í þó nokkur ár og þá býður Minjasafnið á Akureyri mér að sýna öll leikföngin sem ég á. Það voru mest dúkkur en eitthvað smá með og upp úr því fór fólk að koma heim til mín með gömul leikföng.“



Árið 2005 var safnið í Friðbjarnarhúsi á Akureyri opnað með styrk frá Akureyrarstofu og Guðbjörg segir að eftir það hafi fólk í auknum mæli farið að færa henni leikföng. „Fólk hefur heyrt og séð af safninu og sér þarna vettvang fyrir dót sem er bara uppi á háalofti og enginn er að njóta,“ segir hún glöð í bragði.

„Ég á nú ekki mikið af þessum leikföngum sjálf, uppáhaldsleikfangið mitt er gamli Reykjalundar-dúkkuvagninn minn úr tré,“ segir Guðbjörg um einn af sínum uppáhaldssafngripum.

Yngstu leikföngin á safninu eru frá árinu 1995 og þau elstu, tvær postulínsbrúður, frá árinu 1890.

„Guð minn góður, nei ég hef ekki talið,“ segir Guðbjörg hlæjandi þegar hún er innt eftir því hversu mörg leikföng séu á safninu. „Einu sinni var rólegt hjá mér og ég var að reyna að telja, það var árið 2011 og ég var komin upp í 500 og eitthvað dúkkur á sýningunni. Maður getur náttúrulega ekki alltaf sýnt allt sem maður á. Það er annað eins magn heima.“

Á morgun heldur safnið upp á afmælið með ýmiss konar dagskrá fyrir börnin, meðal annars verða gamlir leikir kynntir og Bangsi bestaskinn les sögu. Frítt er fyrir börn inn á safnið og verður það opið frá klukkan 13.00.

gydaloa@frettabladid.is



**UPPÁHALDS** Dúkkuvagninn til hægri var framleiddur í Reykjalundi en Guðbjörg átti hann sjálf og segir hann í sérstöku uppáhaldi. MYND/GUÐBJÖRG

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**ELLIÐI MAGNÚSSON**
**pípulagningamaður,**
**Árskógum 8, áður Engjabæ v/Holtaveg,**

lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi 31. júlí. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 11.00.

**Guðlaug Eygló Elliðadóttir** **Ari Reynir Halldórsson**
**Júlíus Elliðason** **Ása Ásgrímsdóttir**
**Þröstur Elliðason** **Ásthildur Sumarliðadóttir**
**Magnús Davíð Elliðason**
**Guðrún Hrefna Elliðadóttir** **Svavar Valur Svavarsson**
**börn og barnabörn.**

---

✝



Okkar kæri faðir og stjúpfaðir,

**REYNIR MÁR RAGNARSSON**

lést 26. júlí síðastliðinn á krabbameinsdeild Landspítalans. Útför hefur nú þegar farið fram í kyrrþey.

**Elín Ósk Reynisdóttir**
**Sólveig Reynisdóttir**
**Aron Örn Reynisson**
**Kristinn Már Jóhannesson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**HRAFN TULINIUS**
**læknir og prófessor,**

lést föstudaginn 31. júlí sl.
Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 12. ágúst kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast Hrafns er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Helga Brynjólfsdóttir Tulinius**
**Már Tulinius** **Anna Lena Tulinius**
**Torfi H. Tulinius** **Guðbjörg Vilhjálmsdóttir**
**Þór Tulinius** **Elísabet Katrín Friðriksdóttir**
**Sif Margrét Tulinius**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**MAGÐALENA SIGRÍÐUR HALLSDÓTTIR**
**fyrrv. símafulltrúi, Siglufirði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar föstudaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju sunnudaginn 9. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kvenfélag Sjúkrahúss Siglufjarðar og Kvenfélagið Von.

**Guðný Sigríður Guðlaugsdóttir** **Ómar Einarsson**
**Guðrún Herdís Guðlaugsdóttir** **Kristján Sigfús Sigmundsson**
**Karl Guðlaugsson** **Kristjana Sæberg Júlídóttir**
**Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir** **Nils Gústavsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

---

✝



Elskulegur sonur, bróðir,
mágur og kær frændi okkar,

**BJÖRN VAGNSSON**
**Boðaþingi 24,**
**Kópavogi,**

sem lést á heimili sínu föstudaginn 31. júlí verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Helga Svana Björnsdóttir**
**Kristján Vagnsson** **Hólmfríður Ingvarsdóttir**
**Stefán Vagnsson** **Guðveig Búadóttir**
**Hreinn Vagnsson** **Guðrún Sverrisdóttir**
**Birgir Vagnsson** **Kristín Kristinsdóttir**
**Gunnar Vagnsson** **Elísabet Sigurbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**SIGURVEIGAR ERLINGSDÓTTUR**
**frá Ásbyrgi,**
**Lundi 1, Kópavogi.**

**Sigrún Jónasdóttir** **Björn E. Johannessen**
**Helga Jónasdóttir** **Tómas Þór Tómasson**
**Jón Erlingur Jónasson** **Védís Jónsdóttir**
**Úlfhildur Jónasdóttir** **Þorsteinn S. Karlsson**
**og barnabörn.**

---



Takk fyrir auðsýnda vinsemd í minningu

**BRYNJARS INGA SKAPTASONAR**

– fyrir natni á almennri göngudeild SAk í veikindum hans og óþreytandi eftirfylgd og alúð Heimahlynningar.

**Sigrún Sveinbjörnsdóttir**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**KJARTAN GUÐJÓNSSON**
**Stillholti 19, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness 30. júlí sl.

**Hrefna Björnsdóttir**
**synir, tengdabörn og afabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐRÚN SVANBERGSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Skagfirðingabraut 33,**
**Sauðárkróki,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, laugardaginn 25. júlí. Guðrún verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 8. ágúst kl. 11.00.

**Gísli Ólafsson** **Ingibjörg Jónasdóttir**
**Óli Ólafsson** **Sesselja Einarsdóttir**
**Hörður G. Ólafsson** **Margrét Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---

✝



Ástkær eiginkona, dóttir, móðir,
tengdamóðir og amma,

**HRAFNHILDUR EYSTEINSDÓTTIR**

lést föstudaginn 31. júlí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.
Hún verður jarðsungin frá Vídalínskirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 13.00.

**Jónas Ragnarsson**
**Katrín Sæmundsdóttir**
**Anna Sjöfn Jónasdóttir** **Einar Guðmundsson**
**Ragnar Þ. Jónasson** **Guðrún I. Karlsdóttir**
**Katrín H. Jónasdóttir** **Maríus Óskarsson**
**Hrönn Jónasdóttir**
**Edda Rán Jónasdóttir**
**Eysteinn Jónasson** **Björg Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**TALSMAÐUR JAFNRÉTTIS**
**Emma Watson prýðir nýja forsíðu enska Vogue. Þar ræðir hún um helsta baráttumál sitt, jafnréttisátak Sameinuðu þjóðanna, #heforshe.**
**Síða 2**











# ÖNNUR JÓLAHÁTÍÐ

**VEISLA** *Árlegt fiskisúpukvöld fer fram á Dalvík í kvöld en það er hluti Fiskidagsins mikla. Einn súpugestgjafa gefur lesendum ljúffenga súpuuppskrift.*

Bæjarhátíðin Fiskidagurinn mikli verður haldin í fimmtánda sinn um helgina á Dalvík. Hátíðin nær hámarki á morgun, laugardag, en í kvöld taka bæjarbúar og gestir forskot á sæluna þegar árlegt fiskisúpukvöld verður haldið. Þar mun hópur fjölskyldna í bænum ásamt vinum bjóða upp á ókeypis sjávarréttasúpur í miklu úrvali. Þetta er ellefta árið í röð sem súpukvöldið er haldið en það sló strax í gegn.

Ein þeirra sem taka þátt í ár er Valdís Guðbrandsdóttir en hún hefur komið að fiskisúpukvöldinu frá upphafi með einum eða öðrum hætti. „Tengdaforeldrar mínir voru gestgjafar í mörg ár þar sem ég tók þátt. Í ár bjóðum við upp á súpu á heimili okkar í annað sinn, að Plokkfisksbraut 1, sem hina daga ársins kallast Dalbraut 1. Alls taka um 90 fjölskyldur þátt í ár og súpurnar eru mjög fjölbreyttar.“

Hún segir stemninguna í bænum einstaka þetta kvöld og raunar alla helgina. „Fiskidagshelgin er eins og önnur jólahátíð hér. Heimamenn fara í annan gír, fegra umhverfið og setja upp skreytingar. Það er svo skemmtilegt að sjá heilu fjölskyldurnar vinna saman og það myndast svo yndisleg stemning sem maður sækir í að upplifa aftur sem súpugestgjafi.“

**UPPÁHALDSKVÖLD ÁRSINS**

Hún segir flesta heimamenn taka þátt í súpukvöldinu, annaðhvort ▶

**ILMANDI** Valdís gefur gestum súpu með hjálp aðstoðarmanns sem er sonurinn Elvar Freyr Jónsson.
MYND/HELGI STEINAR HALLDÓRSSON



**BRAGÐGÓÐ** Öngulsstaðasúpan inniheldur m.a. karrí og ferskjur.
MYND/ÚR EINKASAFNI




**Rafhitarar**
í skip, hús og sumarhús
**Neysluvatnshitarar**
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



**Rafhitun**
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is

SAFT

▶ sem gestgjafar eða með því að rölta á milli staða. „Í fyrra var fyrsta skiptið sem ég bauð ekki upp á súpu. Það var rosalega gaman að upplifa þessa stemningu sjálf og sjá hvernig aðrir bæjarbúar settu upp súpukvöldið hjá sér. En svo er bara svo gaman að bjóða upp á súpu að það kom ekki annað til greina en að vera með í ár, enda er fiskisúpukvöldið eitt af uppáhaldskvöldum ársins hjá mér. Það sem þessi bæjarhátíð hefur líka sýnt okkur er hvers við erum megnug þegar við tökum höndum saman, því hún væri ekki gerleg nema með mikilli samheldni og samvinnu.“

Valdís gefur hér lesendum uppskrift að súpunni sem hún býður upp á í kvöld. „Hún er mjög bragðgóð og auðvelt að elda hana, sem skiptir máli þegar hún er búin til í miklu magni. Á síðasta súpukvöldi vorum við með um 100 lítra en ég áætla að við verðum með um 150 lítra í ár.“



**FJÖR Í BÆNUM** Um 90 fjölskyldur taka þátt í fiskisúpukvöldinu.
MYND/HELGI STEINAR HALLDÓRSSON

Hús súpugestgjafa verður auðkennt með tveimur kyndlum og stendur fiskisúpukvöldið yfir milli kl. 20.15 og 22.15 í kvöld.

**ÖNGULSSTAÐASÚPA**
**1 saxaður laukur**
**2 tsk. karrí**
**Smá olía**
**4 dl vatn**
**1 grænmetisteningur**
**1 dós Hunt's tómatar með hvítlauk, basil og óreganó**
**½ dós ferskjur skornar í litla bita**
**2 dl rjómi**
**2 flök af fiski að eigin vali, skorin í litla bita.**

*Setjið lauk, olíu og karrí í pott og steikið þangað til laukurinn er mjúkur. Setjið næst vatnið, grænmetisteningu og tómata í pott og sjóðið í um 10 mínútur. Að lokum er rjóma, ferskjum ásamt safanum hellt í pottinn og hitað að suðu. Fiskurinn er settur hrár út í rétt áður en súpan er borin fram.*




BYLGJAN 989

# RÖDD SINNAR KYNSLÓÐAR

**ÁHRIFAMIKIL** *Leik- og kvenréttindakonan Emma Watson ræðir #heforsheátakið í forsíðuviðtali enska Vogue í septemberhefti tískurisans.*

Emma Watson, leik- og kvenréttindabaráttukona, prýðir forsíðu enska Vogue sem kemur út í dag. Þetta er í annað sinn sem hin 25 ára leikkona hlýtur þennan heiður tískuheimsins en fyrsta forsíðan hennar var í desember 2010. Þá var tilefnið ný hárgreiðsla en í þau níu ár sem hún fór með hlutverk Hermione Granger í Harry Potter-myndunum mátti hún ekki klippa sig, fá göt í eyrun eða verða sólbrún. Árið 2010 var því tímabili lokið og hún fagnaði því með drengjakolli og götuðum eyrnasneplum. Viðtalið snerist annars mest um daglegt líf hennar og þá merkingu sem frægðin hefur fyrir hana, sem hún sagði þá að væri ekki mikil því hún væri einstaklega „venjuleg og leiðinleg manneskja“ eins og hún orðaði það sjálf. Síðan hefur hárið vaxið og Emma Watson vakið heimsathygli sem talskona #heforshe, jafnréttisátaks Sameinuðu þjóðanna, en markmið átaksins er að hvetja karlmenn til að láta til sín taka í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Á forsíðunni er yfirskrift viðtalsins við hana „Voice of a generation“, eða „Rödd heillar kynslóðar“ og í viðtalinu talar hún um #heforshe og hlutverk sitt sem velgjörðarsendiherra UN Women. „Hluti af mér slakaði á eftir að ég tók að mér þá stöðu, ég fékk tilgang með lífinu og fannst ég gera gagn. Og fann loksins farveg fyrir það sem ég vildi segja og gera.“ Þrátt fyrir heimsfrægðina, eða kannski einmitt vegna hennar, hefur Emma Watson reynt eftir megni að lifa venjulegu lífi. Hún hefur lagt stund á nám við tvo virtustu háskóla heims, Oxford í Englandi og Brown í Bandaríkjunum, og þar býr hún á heimavist og lifir lífinu eins og aðrir námsmenn. Sumarvinnan er reyndar aðeins meira spennandi en hjá þeim flestum en hún hefur leikið í kvikmyndum á borð við The Perks of Being a Wallflower og Noah sem var tekin að hluta hér á landi. Nú standa yfir tökur á Disney-myndinni Fríða og dýrið þar sem Emma fer með hlutverk Fríðu.

Emma Watson hefur verið á lista yfir best klæddu konur heims síðustu árin enda þykir henni takast einstaklega vel að vera bæði ögrandi og fáguð í klæðaburði, æskudjörf án þess samt að fara nokkru sinni yfir strikið. Á septemberforsíðu Vogue klæðist hún hvítum og gylltum kjól úr smiðju Stellu McCartney, er lítið förðuð og með hárið lauslega tekið saman. Ef hægt er að dæma út frá klæðaburðinum mun rödd sinnar kynslóðar tjá sig af fágun og yfirvegun án þess að slá nokkuð af því að á hana sé hlustað. Blaðið kemur eins og áður sagði í verslanir í dag og þar má lesa viðtalið í heild.



**Á BRESKU TÍSKUVERÐLAUNUNUM Í DESEMBER** Emma var útnefnd Tískufyrirmynd Bretlandseyja í desember síðastliðnum og þá ætlaði allt um koll að keyra yfir þeirri dirfsku hennar að vera í síðum blazerjakka utan yfir ballkjól, sem reyndist síðan vera samfestingur. Það þarf auðvitað ekki að taka fram að hún ber alla þessa „skringitísku“ með einstökum glæsibrag.






**STELLA MCCARTNEY** hannar kjólana sem Emma klæðist í forsíðumyndatökunni en þeir eru flestir með gylltum undirtónum.



# Lífið

FÖSTUDAGUR
7. ÁGÚST 2015


Sigga Dögg Arnardóttir kynfræðingur
**FÖGNUM FJÖLBREYTILEIKANUM Í SAMFÉLAGINU 2**

Matarvísir, sætar uppskriftir
**HOLLARI UPPSKRIFT AÐ KLEINUHRINGJUM 8**

Tíska og trend í fatnaði
**JAPÖNSK ÁHRIF GEFA FALLEGT HEILDARÚTLIT 10**


Elsa María Jakobsdóttir

## BYLTING Í BÍÓMYNDUM


FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid



## EFTIRLÆTISLÖG ELSU

**Elsa María Jakobsdóttir er leikstjórnarnemi sem býr í Kaupmannahöfn og prýðir forsíðu Lífsins þessa vikuna.** Hér deilir hún með lesendum nokkrum af sínum uppáhaldslögum.

- **ARE YOU WITH ME NOW?** *CATE LE BON*
- **SEABIRD** *ALESSI BROTHERS*
- **LOVE ME LIKE I'M NOT MADE OF STONE** *LYKKE LI*
- **YOU AND ME** *PENNY & THE QUARTERS*
- **TO KNOW HIM IS TO LOVE HIM** *THE TEDDY BEARS*
- **BABY IT'S YOU** *SMITH*
- **THE ONLY LIVING BOY IN NEW YORK** *SIMON & GARFUNKEL*
- **CRYING** *ROY ORBISON*
- **DON'T LET ME BE MISUNDERSTOOD** *NINA SIMONE*
- **NONE OF YOUR BUSINESS** *SALT-N-PEPA*



# GLEÐI OG JÁKVÆÐNI ER GÓÐUR VALKOSTUR

**Hvernig stendur á því að sumir eru alltaf glaðir og jákvæðir? Borða þeir eitthvað annað en við hin eða er þeim þetta meðfætt? Getur neikvæður einstaklingur vanið sig á það að vera jákvæður?**



**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Mér finnst glatt og jákvætt fólk alveg einstaklega áhugavert og heillandi. Lífið verður alltaf miklu skemmtilegra í kringum þá sem sjá glasið hálffullt en þá sem kjósa að sjá það hálftómt í sífellu, nú og svo eru þeir sem finnst eina lógíkin að útvega sér minna glas, þeir eru líka áhugaverðir einstaklingar. Glatt viðmót er á margan hátt valkostur og ávani, já, það er nefnilega hægt að venja sig á að vera glaður og sjá hlutina í víðara og jákvæðara samhengi en gengur og gerist. Eftir að hafa kynnst mörgum björtum einstaklingum í gegnum tíðina þá eru það nokkur atriði sem þeir eiga oft og tíðum sammerkt:

- Þeir hugsa út fyrir rammann og á lausnamiðaðan hátt.
- Þeir líta á vandamál sem áskoranir.
- Þeim er alveg sama um hvað öðrum finnst.
- Þeir umkringja sig jákvæðum og uppbyggilegum einstaklingum.
- Þeir eru þakklátir fyrir það sem þeir hafa hér og nú.
- Þeir gefa án þess að þurfa að fá eitthvað til baka.
- Þeir bera sig ekki saman við aðra.
- Þeir kunna að samgleðjast og fagna velgengni annarra.
- Þeir kunna að hrósa og taka hrósi.
- Þeir huga að heilsunni og sjálfum sér.
- Þeir kunna að segja nei og setja mörk.

Flest af þessu sem upp er talið er hægt að venja sig á, flókið getur þó verið að ætla sér um of og taka upp alla þessa kosti í einu. Þú ert nú áreiðanlega gædd/ur flestum af þessum kostum nú þegar fyrst þú ert að lesa þetta. Byrjaðu á því að vera meðvituð/aður um umhverfið þitt. Er glasið jafn fullt eða tómt á öllum sviðum lífsins? Er glasið kannski tómt á einhverjum sviðum eða yfirfullt? Yfirfullt glas er ekki merki um húrrandi hamingju því ef staðan er slík þá er líklegt að það sé jafnvel tómt á öðrum sviðum lífsins.

„Glatt viðmót er á margan háttinn valkostur og ávani, já, það er nefnilega hægt að venja sig á að vera glaður




## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ HINSEGIN DÖGUM



Fjöldi viðburða, bæði skemmtanir og fræðsla í formi málþings og bíómynda, eru í boði á Hinsegin dögum sem nú standa yfir. Hápunkturinn verður svo Gleðigangan sem verður farin á laugardaginn kl.14 frá Umferðarmiðstöðinni BSÍ við Vatnsmýrarveg og gengið verður að Arnarhóli.

Þetta er frábært tækifæri til að sýna náungakærleik í verki og koma og fagna og samgleðjast ástinni og því sem hefur áunnist í mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni hinsegindagar.is

Lífið
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** erlabjorg@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Ernir Eyjólfsson**


Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
#LindexIceland
Gildir á meðan birgðir endast.
Back to Cool
Buxur,
Nú 2595,–
LINDEX

# HAUSTMARKMIÐIN SETT Á BLAÐ

**Nú fer að líða að því að allt falli í ljúfa löð eftir sumarfrí og flakk og því ekki úr vegi að sjá fyrir sér haustið og þau markmið sem óskað er eftir að náist. Miklu máli skiptir að setja sér raunhæf og skýr markmið og setja það í forgang að fylgja þeim eftir.**



**Nanna Árnadóttir**
íþróttafræðingur



Hvaða markmiðum viltu raunverulega ná, eru einhver markmið mikilvægari en önnur?

Það eru margir sem halda því fram að eftir verslunarmannahelgina sé haustið komið. Ég er nú ekki alveg sammála því, vil halda í þetta stutta sumar sem við fáum eins lengi og ég mögulega get og þar sem ég lít út um gluggann á meðan ég skrifa þetta sé ég fátt annað en grænt gras og glampandi sól.

Þó svo að ég vilji að sumarið verði eins langt og mögulegt er er ekki þar með sagt að ég geti ekki hlakkað til haustsins, að takast á við ný verkefni, koma mér í rútínu og setja mér ný markmið. Haustið er oft sá tími sem fólk fer að hugsa sér til hreyfings eftir endalausar grillveislur og ísferðir sumarsins. Ég hef oft ráðlagt fólki sem er að fara af stað í líkamsrækt að koma hreyfingunni í rútínu áður en haustið raunverulega skellur á og allir hafa nóg á sinni könnu.

## Settu þér markmið

Ég mæli eindregið með því að fólk byrji á því að setja sér markmið. Það skiptir máli hvernig markmið maður setur sér til þess að eiga sem mesta möguleika á því að ná þeim. Því ákvað ég að skrifa niður nokkra góða punkta fyrir ykkur í sambandi við markmiðasetningu:

- Markmiðin þurfa að vera skýr. Mikilvægt er að ekki sé hægt að túlka markmiðin eða rökræða við sjálfan sig þegar litli púkinn fer af stað í höfðinu á manni.
- Markmiðin þurfa að vera mælanleg. Mikilvægt er að vita nákvæmlega hverju maður ætlar að ná og hvenær maður hefur náð því.
- Markmiðin þurfa að vera raunhæf. Eins hvetjandi og það er að setja sér markmið og ná þeim þá getur það alveg farið með mann þegar maður nær þeim ekki. Því er mikilvægt að skemma ekki fyrir sér áður en maður leggur af stað með markmiðum sem engin leið er að ná.
- Settu þér bæði skammtíma- og langtímamarkmið. Skammtímamarkmiðin eiga að vinna að langtímamarkmiðinu.
- Settu þér framvindumarkmið frekar en niðurstöðumarkmið. Það er afar auðvelt að setja sér markmiðið að geta hlaupið maraþon í lok mánaðarins en það er enn auðveldara að vera engu nær því að mánuði loknum því leiðin er afar óljós. Slíkt markmið kallast niðurstöðumarkmið. Mun betra er að setja sér framvindumarkmið eins og að hlaupa tvisvar sinnum í viku því þau markmið eru skýr, mælanleg og raunhæf. Ef maður nær framvindumarkmiðinu er maður svo líka kominn talsvert nær því að ná að hlaupa maraþon.
- Skrifaðu markmiðin þín niður og hafðu þau sjáanleg. Þannig er auðveldara að minna sig á það á hverjum degi að vinna að þeim.
- Passaðu þig svo líka á því að gefa þér góðan tíma í að hugsa hvaða markmiðum þú raunverulega vilt ná og hvort eitthvað sé mikilvægara en annað, því maður getur því miður ekki gert allt. Gangi þér vel og hafðu gaman af þessu!

> „Haustið er oft sá tími sem fólk fer að hugsa sér til hreyfings eftir endalausar grillveislur og ísferðir sumarsins.“

**Buxnaleggings**
**Galla bláar og gráar**



**Str: s-xxl**
**Verð kr. 7.900**

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

# ERT ÞÚ ALLS KONAR?



Það er alveg merkilegt þegar fólk ruglar hlutum eins og kynhneigð, kynvitund og kyngervi saman við kynlíf. „Bíddu, er hann, hún eða hann eða…?“ „Er hann með typpi eða á maður að segja er hann með píku eða er hann núna hún en samt enn með typpi?“ „Má hún bara allt í einu vera með konu en var samt með manni, er hún bí eða er hún lessa? Hún verður að ákveða sig.“ Eða það sem alveg setur heilann á sumum í graut. „Ef hann fæddist hún en er nú hún og með stelpu er hún þá lesbía eða straight?“ Dæs. Svo ekki sé nú minnst á: „Hvernig geta lesbíur eiginlega stundað samfarir?“

Það er hið ágæta ár 2015 og við erum enn í þessum skilgreiningarfasa, jafnvel -isma. Ástin og upplifun á eigin líkama er smættuð niður í hvernig inn-út virkar. Hvað fer inn, á hverjum og hvert fer það. Hommar tákna enn þá endaþarmsáhuga þegar gagnkynhneigðir stallar þeirra hafa tekið fram úr þeim áhuga samkvæmt formlegum rannsóknum og óformlegum leitarniðurstöðum klámsíðna á netinu. Lesbíur þurfa að nota eitthvað til að stinga inn, því leggöng verða að fá eitthvað inn, annars er það ekki kynlíf. Segir sig augljóslega sjálft. Svo allt hitt liðið, þetta fólk sem maður veit nú ekki hvað skuli kalla með öllum alltaf á fullu. Eða bara liðið sem þolir ekki prinsessur og bleika og bláa ísa, ég meina, það er bara dúlló. Best að halda sig bara heima í þessari viku því göturnar eru fullar af þessu óþægilegu liði.

Við ætlum nefnilega að troða þér í kassa. Þú skalt komast í minn kassa því minn heili rúmar ekki að búa til annan og nýjan kassa, nú eða það sem verst er í öllum heiminum fyrir flokkunarkerfi heilans, hafa þig í engum kassa. Bara svífandi um frjáls, svo næst þegar ég hitti þig þá þarf ég að vanda mig í samskiptum og hugsa hvað ég á að segja og hvernig ég á að vera þegar auðveldast er bara að líta undan og labba fram hjá. Og reyna að bægja frá mér hugsunum um hvernig þú stundar kynlíf og með hverjum.

Gott fólk, við erum að tala um fólk. Ekki ofan á eða undir. Ekki stórt typpi eða lítið eða búið til af læknum. Ekki hann eða hún eða frík. Við erum að tala um fólk. Alls konar fólk. Nú eru hinsegin dagar og við erum að fagna mannréttindum og kærleika, samkennd, tilfinningum og skilningi. Þetta snýst ekki um hvað þú ætlar að segja eða hvernig, þetta snýst ekki um þig. Ef þú ert óviss hvaða orð á að nota, spurðu þá. Ég vona að sem flestir mæti í Gleðigönguna á laugardaginn en fyrir alla hina 364 daga ársins þá vona ég að þú munir, þegar fordómarnir og spurningarnar öskra inni í heilanum á þér, að við erum að tala um fólk. Sýndu auðmýkt, skilning og einlægni og mundu að við erum öll fólk og við erum öll alls konar.

### VILTU SPYRJA UM KYNLÍF?

Ef þú hefur spurningu um kynlíf þá getur þú sent Siggu Dögg póst og spurningin þín gæti birst í Fréttablaðinu.
sigga@siggadogg.is




Módel: Kristjana Dögg Jónsdóttir
Sólgleraugu: Ray•Ban
Á LEIÐ TIL ÚTLANDA
Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ
KEF
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR



Elsa María Jakobsdóttir hefur sterkar skoðanir á stöðu kvenna í kvikmyndaheiminum.

# KYNJAKVÓTI ER ÚRELT HUGMYND

Friðrika Hjördís Geirsdóttir
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Elsa María Jakobsdóttir er ákveðin kona sem með einlægu augnaráði dregur upp úr öllum sem á vegi hennar verða þeirra hjartans mál. Elsa hefur einsett sér að segja sínar sögur á hvíta tjaldinu. Hún byrjaði í faginu sem aðstoðarmanneskja í Spaugstofunni. „Mig hafði dreymt um að vera á setti og sjá hvernig tökur á leiknu efni ganga fyrir sig,“ segir Elsa.

Næst lá leið hennar í Kastljós, sem skrifta og síðar sem þáttastjórnandi. „Þetta var frábær tími og algjör forréttindi að byrja strax á að vinna með færasta fólkinu í blaðamennsku og dagskrárgerð,“ segir Elsa um hið dýrmæta veganesti sem samstarfsfólkið á RÚV veitti henni.

### Lars von Trier í klippiherberginu

Elsa María stundar nú nám í leikstjórn við Den Danske Filmskole í Kaupmannahöfn. „Námið er í senn krefjandi og gefandi. Það er ómetanlegt að fá að æfa sig. Skólinn skaffar græjur, mannskap, leikara á launum, aðstöðu til eftirvinnslu og ómetanlega ráðgjöf. Við höfum fengið masterklassa hjá leikstjórum eins og Michael Haneke, Werner Herzog, Ulrich Seidl, Joshua Oppenheimer, Roy Anderson og fleirum. Ég hef ótrúlega gott af þessu,“ segir Elsa af einlægni.

Aðeins sex nemendur eru teknir inn í skólann annað hvert ár. Skólinn þykir með bestu kvikmyndaskólum í Evrópu og hefur útskrifað leikstjóra á borð við Lars von Trier, Thomas Vinterberg, Susanne Bier, Lone Scherfig og Dag Kára.

„Ég hafði gert mér vonir um að von Trier væri viðriðinn skólastarfið og var mjög spennt að fá að hitta meistarann,“ segir Elsa og hlær. „Mér var hins vegar fljótt tjáð að von Trier hefði aldrei komið nálægt kennslu eftir að hann útskrifaðist árið 1982,“ segir Elsa kímin. „En svo gerðist það í vetur að hann óskaði eftir að fá að hafa afskipti af skólastarfinu og hefur meðal annars kíkt í klipp til mín. Hann er gjafmildur á reynslu sína og næmur á verk nemenda. Hann hætti víst að drekka og vildi í framhaldinu deila reynslu sinni sem leikstjóri með yngri kynslóðum,“ segir Elsa. Framhald á samstarfinu er þó tvísýnt. „Hann lýsti því nýverið yfir í dönskum fjölmiðlum að hann væri farinn að drekka á ný til að skapa svo ég veit ekki hvað það þýðir,“ segir Elsa íbyggin á svip.

### Kynjakvóti og sjálffílun karlanna

Þegar Elsa er spurð út í nýleg ummæli Baltasars Kormáks um kynjakvóta á styrkveitingar til kvenkyns leikstjóra kemur hik á hana. „Mér finnst fjölmiðlar ekki þurfa að eigna körlum kynjakvótann því þeirri umræðu hefur verið haldið á lofti af konum í faginu um langa hríð. Er hugmynd ekki gild fyrr en karlinn segir hana? Ég hef stutt handaflsaðgerðir þar sem kerfisbundnar villur eru svo rótgrónar að ekkert annað dugar til.

Kerfisvillan er auðvitað sú að karlar eru alveg sjúkir í það sem aðrir karlar eru að gera. Þeir elska að heyra hvað aðrir karlar hafa til málanna að leggja því það rímar við það sem þeir sjálfir eru að fíla og þannig verður sjálffílunin algjör. Þetta er kallað að vera homosocial. En hvað er að gerast akkúrat núna í styrkveitingum?

Dagskráin í ár er ekki af verri endanum en tónlistarmenn á borð við Biosphere, Hilmar Örn Hilmarsson, Steindór Andersen, Mixmaster Morris, Studnitzky, Stereo Hypnosis, Dj flugvél og geimskip, Jónas Sen, Tonik Ensemble, Futuregrapher, Ruxpin, Skurken, Jóhann Eiríksson o.fl. munu koma fram á hátíðinni.

Aðeins 400 miðar eru í boði á hátíðina. - glp

# Íslensk gospeltónlist í útrás vestur um haf

## Reykjavík Gospel Company kemur fram á stærðarinnar gospelhátíð sem fram fer í Alabama Bandaríkjunum. Deilir sviði með sjöföldum Grammy-verðlaunahafa.

„Þetta er auðvitað frábært tækifæri fyrir okkar íslenska gospelhóp, að fá að syngja á svona flottri gospelhátíð í Bandaríkjunum," segir Óskar Einarsson, tónlistarmaður og stjórnandi gospelhópsins Reykjavik Gospel Company.

Um er að ræða gospelhóp sem inniheldur átta söngvara og fjögurra manna hljómsveit og kemur fram á Gospel-hátíð sem heitir Greater Birmingham Festival of Hope og fer fram í Birmingham í Alabamafylki í Bandaríkjunum. „Þetta er risabatterí og búist við um tólf þúsund manns, þetta fer fram í risaíþróttahöll," bætir Óskar við.

Tónleikunum verður einnig streymt á netinu þannig að milljónirnar eru ansi margar sem geta fylgst með þeim.

Á hátíðinni kemur fram fjöldi þekktra listamanna en fremstur meðal jafningja er tónlistarmaðurinn Kirk Franklin. „Hann er stærsta nafnið í gospelheiminum í dag og hefur meðal annars fengið Grammy-verðlaun og selt milljónir platna." Franklin hefur unnið sjö Grammy-verðlaun og selt tugi milljóna platna.

Óskar segir það mikinn heiður að fá að taka þátt í hátíð sem er af þessari stærðargráðu. Gospelsenan í Bandaríkjunum er mjög stór og listamenn í gospelgeiranum selja mikið af plötum og markaðurinn stór. „Þetta sýnir hvað við erum á góðum standard. Þessir aðilar sem standa fyrir þessu heyrðu í okkur koma fram á Íslandi fyrir um tveimur árum og voru hrifnir af okkur. Þeir buðu okkur til Færeyja fyrir skömmu og svo núna til Bandaríkjanna," segir Óskar. Kórinn kom fram með annarri stjörnu í gospelheiminum, Michael W. Smith, á stórum tónleikum í Þórshöfn í Færeyjum fyrir skömmu.



**Í ÚTRÁS** Hér er Óskar Einarsson ásamt hluta gospelhópsins, Reykjavik Gospel Company.

Tónleikar Reykjavik Gospel Company eru þó ekki eina erindi Óskars í Bandaríkjunum því að þrjátíu manna Gospelkór Fíladelfíu, sem Óskar stýrir einnig, kemur fram á nokkrum tónleikum í Bandaríkjunum á næstu dögum. „Við förum út í dag og verðum úti til 17. ágúst. Við tökum nokkra tónleika í kirkjum í New York og Boston. Við erum að fara til að njóta og sjá hvað er að gerast í þessari senu í Bandaríkjunum," segir Óskar.

Reykjavik Gospel Company hefur lítið komið fram undir eigin nafni en hefur komið fram víða og þá oftast í formi bakradda á til dæmis Jólagestum Björgvins Halldórssonar en hluti Gospelkompanísins er einnig hluti af Gospelkór Fíladelfíu.

Reykjavik Gospel Company kemur fram á tónleikunum í Alabama næsta föstudag og verður hægt að horfa á tónleikana á netinu. Hópurinn ætlar meðal annars að frumflytja nýtt lag eftir Óskar á tónleikunum.

gunnarleo@frettabladid.is

# 5. KYNSLÓÐ FRÁ INTEL

## NÝJASTI OG HRAÐASTI ÖRGJÖRVINN · STÓRAUKIN RAFHLÖÐUENDING




## FIMM STJÖRNU INTEL i5

TOS-L50B2E4

**Nýjasta kynslóð af i5 örgjörvanum sem gerir hana mjög spræka í vinnslu. Nýjasti HD5500 skjákjarninn og kröftug grafíkvinnsla. Fallega gyllt og glæsileg í útliti.**

INTEL i5 5. KYNSLÓÐ · 4GB VINNSLUMINNI · HD5500 GRAFÍKKJARNI · 15,6" SKJÁR







## INTEL i5, SSD OG RADEON R7

TOS-L50B2FV

**Frábærlega samsett 256GB SSD diskur og nýjasta útgáfan af Intel i5. Alvöru 2GB Radeon R7 leikjaskjákort, AC netkort og Miracast.**

Intel i5 ÖRGJÖRVI · 4GB VINNSLUMINNI · 256GB SSDDISKUR · 2GB Radeon R7 SKJÁKORT

## 5. KYNSLÓÐ INTEL i7

TOS-L50B2FT

**Nýjasti og hraðasti Intel i7 örgjörvinn á markaðnum. Öflugt Radeon R7 M260 skjákort sem hentar sérstaklega í grafíska vinnu og leikjaspilun.**

Intel i7 5. KYNSLÓÐ · DTS HLJÓMUR · 1TB DISKUR · Radeon R7 M260 SKJÁKORT




TOS-S50B15E

**Glæsilega hönnuð fartölva fyrir þá sem gera miklar kröfur til útlitsins. 8GB vinnsluminni og ofurhraður 256GB harður diskur. Sérstaklega spræk grafísk vinnsla með 2GB AMD Radeon R7 M260 skjákorti.**

INTEL i5 ÖRGJÖRVI · 8GB VINNSLUMINNI · 256GB DISKUR · 15,6" SKJÁR




ASU-F302LAFN073H

**Hágæða 13,3" fartölva með nýjustu og hröðustu gerð af Intel i5 örgjörvanum auk nýja Intel HD 5500 skjákortinu. Hröð vinnsla með 128GB SSD og 8GB vinnsluminnis.**

Intel i5 ÖRGJÖRVI · 8GB VINNSLUMINNI · 128GB SSD DISKUR · Intel HD 5500 SKJÁKORT




ASU-F555LPX0089H

**Ofurtölva með nýju 5. Kynslóð af Intel i7 örgjörvanum sem skilar ótrúlegum vinnsluhraða. 6GB vinnsluminni og gott pláss fyrir gögnin á 1TB hörðum diski.**

i7 5500U ÖRGJÖRVI · 6GB VINNSLUMINNI · 1TB DISKUR · 15,6" SKJÁR




Borgaðu skólainnkaupin betur · 1. október · Netgíró · www.netgiro.is

**Veldu skólavélina í Tölvulistanum og greiddu 1. október með Skólareikningi Netgíró!**

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# Hindberjabaka með hvítu súkkulaði

Það er um að gera að hita upp fyrir helgina og skella í þessar ljúffengu hindberjabökur.



- 1 dl sykur
- 3 dl hveiti
- 125 g smjör
- 4-5 dl frosin hindber (eða önnur ber)
- 1 msk. kartöflumjöl
- 3 msk. sykur
- 100 g hvítt súkkulaði
- 50 g möndluflögur

Hitið ofninn í 200°C. Blandið sykri og hveiti í skál og bætið smjörinu í teningum saman við. Klípið saman í grófan mulning og þrýstið í botninn á bökuformi. Blandið hindberjunum saman við kartöflumjölið og sykurinn og setjið blönduna yfir bökubotninn. Rífið hvítt súkkulaði og stráið yfir berin. Dreifið möndluflögum yfir og bakið í miðjum ofni í 20-25 mínútur, eða þar til bakan hefur fengið fallegan lit.

Gott er að bera bökurnar fram með ís eða þeyttum rjóma.

*Uppskrift fengin af Ljufmeti.com*

# Ein besta dragkeppni Íslands hingað til

GóGó Starr og Handsome Dave báru sigur úr býtum sem dragdrottning og dragkóngur Íslands. Georg Erlingsson, umsjónarmaður keppninnar, segir að ekkert hafi verið gefið eftir við undirbúning hennar og strangar æfingar hafi skilað sér í spennandi keppni.

Dragkeppni Íslands fór fram á miðvikudagskvöld þar sem GóGó Starr varð dragdrottning og Handsome Dave dragkóngur. Keppnin fór fram í Gamla bíói í fyrsta skipti í langan tíma eftir að hafa verið haldin í Hörpunni í nokkur ár. „Við erum mjög ánægð að vera komin aftur á þennan frábæra stað. Þetta var með betri keppnum sem við höfum haldið og áhorfendur voru í góðu skapi. Keppnin var mjög spennandi en þemað í ár var „Back to Basics“. Þetta var einföld uppbygging en ekkert var gefið eftir. Við þurftum að henda einum keppanda úr keppninni á seinustu stundu vegna metnaðarleysis og dræmrar mætingar,“ segir Georg Erlingsson sem er einn af skipuleggjendum keppninnar.

Dragdrottning Íslands, Sigurður Heimir Guðjónsson, er í skýjunum með sigurinn en þetta er í fyrsta sinn sem hann tekur þátt í keppninni. „Þetta er brjálað stuð og ég er spenntur að gera eitthvað með titilinn. Ég byrjaði í þessu í leiksýningu á fyrsta ári í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Núna langar mig að virkja dragsenuna á Íslandi. Þetta á ekki bara að vera á djamminu heldur gefa þessu meira líf og gera þetta fínlegra og skemmtilegra. Það finnst langflestum þetta vera skemmtilegt eins og okkur sem komum fram,“ segir Sigurður en hann er aðeins 22 ára og stundar nám í Margmiðlunarskólanum þar sem hann ætlar sér að vinna við tölvuleikjagerð í framtíðinni.

**„Ég byrjaði í þessu í leiksýningu á fyrsta ári í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Núna langar mig að virkja dragsenuna á Íslandi. Þetta á ekki bara að vera á djamminu heldur gefa þessu meira líf.**

Atriðið hjá Sigurði eða GóGó Starr var innblásið af húsmæðrum á sjötta áratugnum. „Ég vildi taka einhverja krúttlega ímynd og æsa hana aðeins upp og gera það svolítið fyndið og skemmtilegt. Hugmyndin kom til mín fyrir þremur mánuðum en seinustu vikur hafa verið mjög strangar æfingar sem skiluðu sér.“

- gj



**DRAGDROTTNING ÍSLANDS** Sigurður Heimir hrifsaði til sín aðalverðlaun kvöldsins sem GóGó Starr.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



**LÓA CHLAPP** Snorri keppandi leyfði sinni innri Kate Bush í Wuthering Heights að leika lausum hala.



**DRAGKÓNGUR ÍSLANDS** Borghildur sló í gegn sem Handsome Dave og tók titilinn Dragkóngur Íslands.



**PIXIE STRIKE** Paul fór ekki fram hjá neinum í keppninni.



**KYNNIR KVÖLDSINS** Bjarni töframaður var kynnir á keppninni og klæddi sig upp sem glæsikvendi. Hér má sjá hann kynna DJ Gumma Gúmmelaði á svið.



**DRAGON SKATES** Haukur Svanberg sýndi listir sínar sem Dragon Skates í Gamla bíói.




FRÍTT
WI-FI, LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.



LUKKULEIKUR

Þeir sem koma með bíl eða vagn í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast glæsilegt Thule Motion ferðabox frá Stillingu sem verður dregið út 3. september 2015.




Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

KREATIV

Markhönnun ehf

# nettó
## Í sumarskapi!



-50%
VÍNBER GRÆN
FERSK OG FÍN
449
ÁÐUR 898 KR/KG




-43%
GRÍSAKÓTILETTUR
HERRAGARÐS
1.184
ÁÐUR 2.078 KR/KG



-25%
FERSKT LAMBAFILE
M/FITU
3.974
ÁÐUR 5.298 KR/KG




LAMBAFRAMP.SNEIÐAR
GRILL, NEW YORK
1.163
ÁÐUR 1.454 KR/KG



KJÚKLINGABRINGA
MIÐJ.HAFS MARINERING
1.883
ÁÐUR 2.384 KR/KG




KARTÖFLUFLÖGUR
X-TRA, BBQ, 300 GR
299
ÁÐUR 369 KR/PK




-25%
SYKURPÚÐAR
HYTOP, 284 GR
299
ÁÐUR 398 KR/PK




FANTA 2L
2 TEG
199
ÁÐUR 224 KR/STK

## Gott úrval af amerísku nasli







-25%
SÆLGÆTISBLANDA
X-TRA, 300 GR
299
ÁÐUR 398 KR/PK

**Tilboðin gilda 6. ágúst – 9. ágúst 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



GORDON BLEU
350 GR
-40%
575
ÁÐUR 959 KR/PK




NAUTGRIPAHAKK
FERSKT
1.189
ÁÐUR 1.450 KR/KG



ANDABRINGUR
FRANSKAR
2.798
ÁÐUR 3.498 KR/KG



MÍNÚTUSTEIK, GRÍSA
FERSK
2.449
KR/KG



KALKÚNABRINGUR
ERLENDAR
1.998
ÁÐUR 2.498 KR/KG




KALKÚNASTRIMLAR
ÍSFUGL
1.598
ÁÐUR 1.998 KR/KG




NAAN BRAUÐ
TAMDORI, 2 TEG
499
ÁÐUR 449 KR/PK




INDVERSKIR RÉTTIR
NICE N'EASY, 4 TEG
479
ÁÐUR 549 KR/PK




KAFFIPÚÐAR
GINA, 50 STK
398
ÁÐUR 498 KR/PK

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
TRAINWRECK TILBOÐ KL 5
FANT4STIC
TOM CRUISE MISSION: IMPOSSIBLE ROGUE NATION
TILBOÐ KL 5
TILBOÐ KL 4

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TRAINWRECK | 5, 8, 10:35 |
| FANTASTIC FOUR | 8, 10:15 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 8, 10:35 |
| PIXELS 3D | 5 |
| SKÓSVEINARNIR 2D | 4 |
| MINIONS 2D | 6 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
THE HOLLYWOOD REPORTER
HITFIX
VARIETY
TOM CRUISE MISSION: IMPOSSIBLE ROGUE NATION
FANT4STIC
Það muna allir eftir ógleymanlegu grínmyndunum um Griswold fjölskylduna. Nú er komið að syninum að fara með sína fjölskyldu í frí!
"VACATION ER FYNDNASTA MYND ÁRSINS" JAMES OSTER - JOBLO
"BRJÁLÆÐISLEGA FYNDIÐ FRAMHALD" MATT SULLIVAN - IN TOUCH
"ÉG HEF EKKI HLEGIÐ SVONA OFT UPPHÁTT Í LANGAN TÍMA" DAVE KARGER - FANDANGO
VACATION
FORSÝND UM HELGINA

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 2:50 - 5:15 - 8 - 10:45 |
| MISSION: IMPOSSIBLE VIP | KL. 2:50 - 5:15 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC 4 | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| ANT-MAN 2D | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:45 |
| THE GALLOWS | KL. 10:45 |
| MAGIC MIKE XXL | KL. 8 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |
| TERMINATOR 2D | KL. 10:40 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |
| JURASSIC WORLD 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 |
| THE GALLOWS | KL. 10:45 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:20 - 8 - 9:30 - 10:45 |
| FANTASTIC 4 | KL. 5:40 - 7 - 8 - 10:20 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| VACATION | KL. 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 - 10:20 |
| ANT-MAN 3D | KL. 5:20 |
| THE GALLOWS | KL. 10:30 |
| MAGIC MIKE XXL | KL. 8 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:45 |
| FANTASTIC 4 | KL. 8 |
| TRAINWRECK | KL. 10:20 |
| PIXELS | KL. 5:30 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |

VARIETY EMPIRE
MARVEL ANT-MAN

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FANT4STIC
TRAINWRECK
TOM CRUISE MISSION: IMPOSSIBLE ROGUE NATION
AMY
græna ljósið
Sýningartímar á eMiði.is og miði.is



**Á LEIÐINNI** Rocky Dawuni kemur fram í Gamla bíói 30. ágúst.

# Reggí tekur yfir Gamla bíó

Heimsþekktur reggílistamaður, Rocky Dawuni, er væntanlegur til landsins í lok þessa mánaðar og mun halda tónleika ásamt hljómsveit sinni í Gamla bíói sunnudaginn 30. ágúst næst komandi.

Rocky er uppalinn í Ghana en þrátt fyrir að vera nú búsettur í Los Angeles þá er hans helsta markmið að vinna að mannréttindamálum og friðaruppbyggingu í Afríku og vill hann nota tónlist sína til þess að koma skilaboðum sínum á framfæri og tengja saman fólk úr ólíkum menningarheimum. Hann er talsmaður margra mannúðarsamtaka eins og UNICEF og Carter Center og hefur m.a. leitt verkefni, stofnað af Hillary Clinton á vegum Sameinuðu þjóðanna með leikkonunni Juliu Roberts og fleirum, sem snýst um að bæta eldunaraðstöðu fólks í Afríku, en yfir tvær milljónir manna látast á hverju ári vegna slæmrar eldunaraðstöðu.

Rocky Dawuni gaf út sína fyrstu plötu árið 1996 og hefur síðan þá gefið út alls sex plötur, sú nýjasta er Branches of the Same Tree og kom út í mars 2015. Rocky hefur deilt sviði með stjörnum eins og Stevie Wonder, Peter Gabriel, Bono, Jason Mraz og fleirum og hefur CNN sett hann á lista yfir tíu bestu tónlistarmenn frá Afríku. Tónlist hans hefur einnig hljómað í sjónvarpsþáttunum ER, Weeds og Dexter sem og í tölvuleikjum FIFA.

Í tilefni af komu Rocky Dawuni ætlar Gamla bíó að efna til reggídags 30. ágúst sem mun hefjast á fjölskyldutónleikum þar sem Amabadama mun spila en hún sér líka um að skapa réttu stemninguna um kvöldið áður en Rocky Dawuni og hljómsveit stíga á svið. Forsala á tónleika Rocky Dawuni hefst á midi.is í dag og mun miðinn verða á sérstöku tilboði fram á sunnudag. - glp



**TÖFF OG TÆKNILEGUR** Garpur Ingason Elísabetarson hefur unnið við smíði tæknibrella í þremur stórum kvikmyndum á undanförnum mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Getur tekið allt upp í einn mánuð að ná einni sekúndu

**Garpur Ingason Elísabetarson tók þátt að gera tæknibrellur í lokasenu kvikmyndinnar Fantastic Four.**

„Þetta var rosaleg vinnutörn, ég var að vinna í 80 tíma á viku í gluggalausu herbergi,“ segir Garpur Ingason Elísabetarson kvikmyndagerðarmaður en hann vann við eftirvinnslu kvikmyndarinnar Fantastic Four sem frumsýnd var hér á landi fyrir skömmu.

Þeir sem þekkja Fantastic Four-myndirnar, sem eru nú orðnar þrjár talsins, vita að talsvert er um tæknibrellur í myndinni og vann Garpur við að smíða slíkar brellur.

„Þeir fengu mig og fleiri aðila út til Montreal til að aðstoða sig við lokasenuna í myndinni. Við vorum rúmlega sextíu aðilar þarna að vinna að lokasenunni,“ segir Garpur sem var úti í tæpan mánuð að vinna.

Hann hefur komið víða við í kvikmyndaiðnaðinum og hefur þessa dagana einnig unnið við eftirvinnslu myndarinnar Everest, sem Baltasar Kormákur leikstýrir og þá lauk hann nýverið við tæknibrelluvinnslu í Disney-myndinni The Finest Hours sem kemur út á næsta ári.

Eftir að hafa stundað nám við Kvikmyndaskóla Íslands lá leiðin til Vancouver í Kanada þar sem hann stundaði nám við Lost Boys | School of VFX. „Ég vinn heima sem klippari aðallega en fór að læra tölvubrellur í Vancouver. Þessi skóli er vel tengdur bransanum og býður meðal annars upp á starfsnám og maður fær oftast vinnu í kjölfarið,“ segir Garpur sem bjó í eitt og hálft ár í Kanada.

Hann segir kvikmyndabransann talsvert öðruvísi erlendis en hér á landi. „Það er allt miklu stærra í sniðum þarna úti og miklu meiri peningar til. Íslenski kvikmyndaiðnaðurinn er þó á mikilli uppleið, við eigum mikið af hæfileikaríku fólki og framfarirnar hafa verið miklar.“

Vinnan við tæknibrellugerð í kvikmyndum sem þessum getur tekið óratíma og segir Garpur fólk oft ekki gera sér grein fyrir hvað sé ekta og hvað séu tæknibrellur. „Það er ótrúlegt hvað það er hægt að gera mikið í eftirvinnslu í dag og oft eru þetta hlutir sem fólk pælir ekki í að séu búnir til, eins og t.d. tígrisdýrið í Life of Pi. Svo eru líka minni hlutir og ósýnilegir sem við tökum ekki eftir, taka út hluti sem mega ekki vera í ramma, svo sem skíðalyftur eða bæta inn fólki eða byggingum. Ég held að ég eigi allt í allt átta sekúndur í myndinni, sem sýnir hversu mikil og löng vinna þetta er. Ég vann í Disney-myndinni í þrjá mánuði og á sjö sekúndur í henni. Það getur tekið frá einni viku upp í mánuð að ná sekúndunni. Flóknustu skotin geta tekið margar vikur,“ útskýrir Garpur.



**FANTASTIC FOUR** Kvikmyndin var frumsýnd hér á landi fyrir skömmu og þykir tæknilega töff.

gunnarleo@frettabladid.is

# SKÓLATÖSKUR OG PENNAVESKI

## Í MIKLU ÚRVALI*



SKOÐAÐU ALLT ÚR-VALIÐ Á

**A4.IS**

## GÆÐATÖSKUR OG PENNAVESKI FRÁ EXPLORE



**SKÓLA-TÖSKUR:**

VERÐ FRÁ
**4.990 KR.**

modan / Explore / OGIO / MIQUELRIUS / modan



*Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

ÁRNASYNIR

## Aðeins 1 DAGUR Í FYRSTA LEIK Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI 2015-2016

### ➜ Tekst Van Gaal að koma Manchester United aftur af alvöru inn í titilbaráttuna?

Manchester United komst aftur upp í Meistaradeildarsæti á fyrsta tímabili liðsins undir stjórn Hollendingsins Louis Van Gaal en getur þessi gamalreyndi þjálfari komið United aftur í titilbaráttuna þar sem liðið var fastagestur í stjóratíð Sir Alex Ferguson. Manchester United er þegar búið að kaupa leikmenn fyrir um 300 milljónir punda síðan Van Gaal tók við liðinu. Síðasta tímabil snerist aðallega um að hreinsa upp skítinn eftir martraðarleiktíð Davids Moyes en nú eru kröfurnar miklu meiri.
Louis Van Gaal hefur nú fengið tíma til að búa til sitt lið og þróa leikstíl eftir sínu höfði. Það tók allt sinn tíma á síðustu leiktíð en liðið komst á skrið eftir erfiða byrjun. Van Gaal hefur enn ekki fundið miðvörð eða framherja sem liðið þarf svo mikið á að halda en það er enn tími til þess áður en glugginn lokast í lok mánaðarins.
Tími Angels Di Maria á Old Trafford var stuttur og bitlaus en vonir standa til að Hollendingurinn ungi, Memphis Depay, lífgi upp á sóknarleik liðsins. Bastian Schweinsteiger eru önnur spennandi kaup sé hann laus við meiðslin sem hann hefur burðast með undanfarin ár. Annar athyglisverður miðjumaður er Morgan Schneiderlin sem kemur frá Southampton.
Krafa númer eitt á Old Trafford er án vafa að blanda sér í titilbaráttuna en það gæti reynst erfitt fyrir Van Gaal að koma United-liðinu alla leið á toppinn. Til að svo yrði þyrfti hann að finna réttu mennina fyrir lok gluggans og að nýju mennirnir smellpassi bæði inn í liðið sem og enska boltann. Fréttablaðið spáir að Manchester-liðin taki tvö síðustu Meistaradeildarsætin en það verði Lundúnaliðin sem verði í tveimur efstu sætunum.



### SPÁ FRÉTTABLAÐSINS
**SÆTI 3 TIL 4**

**3. SÆTI — MANCHESTER UNITED**
Louis Van Gaal kom United aftur í Meistaradeildina en getur hann komið liðinu alla leið á toppinn. Ekki á þessu tímabili.

**4. SÆTI — MANCHESTER CITY**
City-liðið hefur verið að skiptast á því að eiga frábært tímabil og að valda vonbrigðum. Liðið nær ekki að viðhalda þeirri „reglu“ í vetur og nær ekki að endurheimta titilinn.

*Á morgun kemur í ljós hvaða lið enduðu í efstu tveimur sætunum í spánni.*



**NÍUNDA SÆTI** Hrafnhildur Lúthersdóttir varð níunda í 200 metra bringusundi á HM í Kazan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Þriðja sundið einu of mikið

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir sat eftir í undanúrslitum í 200 metra bringusundi á HM í 50 metra laug í Kazan í Rússlandi í gær eftir umsund á móti kínversku sundkonunni Jinglin Shi.

Hrafnhildur setti nýtt Íslandsmet í undanúrslitunum með því að synda á 2.23,06 mínútum en varð jöfn kínversku stelpunni Jinglin Shi í áttunda sæti.

Hrafnhildur setti einnig Íslandsmet í undanrásum þegar hún náði þriðja besta tímanum. Hrafnhildur byrjaði vel í umsundinu og var með forystu eftir bæði 50 og 100 metra en gaf síðan mikið eftir í lokin þar sem sú kínverska var mun sterkari. Þriðja sund dagsins, eftir Íslandsmet í hinum tveimur, var bara einu sundi of mikið. Hún er samt fyrsta íslenska konan til að komast tvisvar inn á topp tíu á HM í 50 metra laug.

Anton Sveinn McKee setti Íslandsmet í 200 metra bringusundi í undanrásum og varð síðan í 13. sæti í undanúrslitunum. - óój



**GÓÐ BYRJUN** Brasilíska landsliðskonan Poliana skoraði í fyrsta leik sínum fyrir Stjörnuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

### PEPSI DEILD KVENNA

**VALUR-STJARNAN 0-4**

**Mörkin:** 0-1 Franciella Manoel Alberto (22.), 0-2 Harpa Þorsteinsdóttir (41.), 0-3 Poliana Barbosa Medeiros (59.), 0-4 Harpa Þorsteinsdóttir (62.)

**Meistaradeildarævintýri** Stjörnukvenna hefst gegn Hibernians í Garðabæ á þriðjudaginn.

STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Breiðablik | 12 | 11 | 1 | 0 | 35-2 | 34 |
| Stjarnan | 13 | 11 | 0 | 2 | 36-7 | 33 |
| Þór/KA | 12 | 6 | 3 | 3 | 32-19 | 21 |
| Valur | 13 | 7 | 0 | 6 | 26-32 | 21 |
| Selfoss | 12 | 6 | 2 | 4 | 20-13 | 20 |
| ÍBV | 12 | 6 | 1 | 5 | 25-18 | 19 |
| Fylkir | 12 | 6 | 1 | 5 | 22-22 | 19 |
| KR | 12 | 1 | 3 | 8 | 9-28 | 6 |
| Þróttur R. | 12 | 0 | 2 | 10 | 4-35 | 2 |
| Afturelding | 12 | 0 | 1 | 11 | 6-39 | 1 |

# Skorar Jón Arnór þúsundasta stigið á móti Hollendingum?

Ísland mætir Hollandi í tveimur vináttulandsleikjum í kvöld og á sunnudaginn. Jón Arnór Stefánsson á möguleika á því í þessum leikjum að verða annar þúsund stiga leikmaður íslenska EM-hópsins.

**KÖRFUBOLTI** Nítján stig er það sem vantar upp á hjá Jóni Arnóri Stefánssyni til að komast í hóp fárra landsliðsmanna sem hafa skorað þúsund stig eða meira fyrir íslenska karlalandsliðið í körfubolta.

Fram undan er lokaspretturinn í undirbúningi íslenska landsliðsins fyrir Evrópumótið í körfubolta og fyrstu tveir undirbúningsleikir liðsins fara fram á Íslandi. Evrópumótslið Hollendinga heimsækir Ísland um helgina og mætir liðinu í Þorlákshöfn í kvöld og þjóðin fær síðan að kveðja íslenska liðið í Laugardalshöllinni á sunnudaginn. Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15.

Jón Arnór skoraði meira en 19 stig í báðum landsleikjum sínum á síðasta ári og hefur skorað meira en 19 stig í sjö af síðustu fjórtán leikjum sínum fyrir íslenska karlalandsliðið. Nái Jón Arnór þessum 19 stigum sem vantar upp á þá kemst hann í hóp með Loga Gunnarssyni sem skoraði sitt þúsundasta stig fyrir landsliðið á Norðurlandamótinu sumarið 2015.

Það eru liðin heil fimmtán ár síðan Jón Arnór spilaði fyrsta landsleik sinn og skoraði fyrsta landsliðsstigið í leik á móti Noregi á Norðurlandamótinu í Keflavík í ágúst 2000.

Friðrik Ingi Rúnarsson, þáverandi landsliðsþjálfari, gaf Jóni Arnóri tækifærið ásamt öðrum ungum leikmönnum eins og Jakobi Erni Sigurðarsyni og Loga Gunnarssyni. Allir þrír eru enn í aðalhlutverki í landsliðinu einum og hálfum áratug síðar. Friðrik Ingi sá að þar fóru framtíðarmenn liðsins og þar hafði hann svo sannarlega rétt fyrir sér. Enginn gat þó séð fyrir hversu langt þeir komust.

**13,6**
Jón Arnór Stefánsson hefur skorað 981 stig í 72 leikjum fyrir íslenska A-landsliðið.

Logi er kominn í þúsund stiga hópinn, Jón Arnór þarf varla meira en einn til tvo leiki í viðbót og Jakob væri eflaust kominn mun nær þúsund stigunum ef hann hefði spilað með liðinu í fyrra. Landsliðsfyrirliðinn Hlynur Bæringsson gæti einnig bæst í hópinn á næsta ári haldi hann áfram að spila jafnstórt hlutverk með landsliðinu og hingað til.

Jón Arnór er nú að hefja þrettánda landsliðsárið sitt og hann hefur skorað yfir tíu stig að meðaltali á þeim öllum. Frá því að Jón Arnór kom heim til að „hlaða batteríin“ veturinn 2008-09 hefur hann skorað 16,5 stig að meðaltali í leikjum með íslenska landsliðinu sem er frábær árangur.

Ef við þekkjum Jón Arnór rétt þá verður hann nú ekki mikið að pæla í þúsundasta stiginu í leikjunum við Hollendinga. Fram undan er stærsta verkefni landsliðsins frá upphafi og öll einbeiting hans og annarra leikmanna liðsins snýst um að gera sig klára fyrir risastóra prófið í Berlín. Það væri hins vegar skemmtilegt fyrir íslenskt körfuboltaáhugafólk ef Jón Arnór næði þessum merku tímamótum á heimavelli.

ooj@frettabladid.is



**VANTAR BARA NÍTJÁN STIG Í ÞÚSUND** Jón Arnór Stefánsson í síðasta landsleik sínum á móti Bosníu í Laugardalshöllinni í fyrra þar sem íslenska landsliðið tryggði sér sæti á EM í körfubolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fanney varð Evrópumeistari í fyrstu tilraun

Heimsmeistari unglinga tryggði sér gull í 63 kg flokki á EM í bekkpressu og setti nýtt heimsmet unglinga.

**KRAFTLYFTINGAR** Fanney Hauksdóttir, kraftlyftingakona úr Gróttu, varð í gær Evrópumeistari í bekkpressu í 63 kg flokki fullorðinna á Evrópumótinu í bekkpressu sem fer fram í Tékklandi. Fanney, sem er ríkjandi heims- og Evrópumeistari unglinga, bætti eigið met í unglingaflokki sem hún setti fyrr á árinu.

Fanney byrjaði á að lyfta 142,5 kílóum auðveldlega en náði ekki að lyfta 147,5 kílóum í annarri tilraun. Hún náði hins vegar af miklu öryggi að lyfta 147,5 kílóum í þriðju tilraun sem dugði henni til sigurs ásamt því að hún setti nýtt heimsmet í flokki unglinga.

Fanney var skiljanlega mjög sátt þegar náðist í hana en hún var stödd inni á hótelherbergi í Plzen. „Tilfinningin er auðvitað bara ótrúlega góð, þetta var alveg æðislegt. Það var örlítið öðruvísi að keppa ekki lengur í unglingaflokki, þarna voru stelpur sem voru með meiri reynslu að keppa. Ég fór inn í þetta mót með það að markmiði að komast á verðlaunapall en ég bjóst ekki við þessu. Þetta fór algjörlega fram úr öllum væntingum,“ sagði Fanney sem var ánægð með að hafa þreytt frumraun sína meðal þeirra bestu.

„Það var frábært að keppa með öllum þessum sterku keppendum. Maður veit aldrei hverjir skrá sig á mót en ég náði að njóta augnabliksins vel á mótinu,“ sagði Fanney sem var ekki á þeim buxunum að sleppa eigin heimsmeti í unglingaflokki.

„Ég setti metið á Heimsmeistaramótinu í maí en að ná að bæta það hér var algjör bónus við árangurinn sem ég náði. Vonandi nær þetta met að lifa aðeins,“ sagði Fanney sem sagði þetta vera gott fyrir sjálfstraustið.

„Það má ekki fara of hátt en þetta gerir vissulega góða hluti fyrir sjálfstraustið.“ - kpt



**LYFTI 147,5 KÍLÓUM** Fanney Hauksdóttir leit alls ekki út eins og nýliði á fyrsta stórmóti sínu í hópi fullorðinna í Tékklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

LG
Life's Good

# SNJÖLLU SJÓNVÖRPIN




# SJÓNVARPSTILBOÐ



**LG 49UF695V / 55UF695V**

- 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Micro Pixel Control
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- NetCast nettenging með opnum vafra
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- 4K HEVC þjöppun (4K 30P, 2K 60P)
- Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / USB 3.0 tengi
- 3 x HDMI, Scart, Component tengi
- USB upptökumöguleiki
- Ethernet, Optical út & CI rauf
- Magic Remote og síma- / spjaldtölvu app fylgir

700Hz PMI
**TILBOÐ** 49"
**199.990**
FULLT VERÐ **229.990**

1200Hz PMI
**TILBOÐ** 55"
**249.990**
FULLT VERÐ **299.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG
Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**




**19:15**

**IMPRACTICAL JOKERS**

Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þáttakendur í hrekkja aðra með falinni myndavél.

SKEMMTILEGT
FÖSTUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



**19:40**

**THE TRUTH ABOUT CATS AND DOGS**

Abby Barnes dýralæknir stýrir vinsælum spjallþætti í útvarpi sem fjallar um gæludýr. Hún lendir í furðulegum aðstæðum sem eru afleiðingar misskilnings eftir að einn hlustandi hringir inn.

**22:00**

**LONGEST WEEK**

Jason Bateman leikur auðnuleysingja á fertugsaldri sem hefur verið á framfæri foreldra sinna alla ævi en óvæntir atburðir breyta framtíð hans.



**21:30**

**FOOTBALLERS´ WIFES**

Þrælskemmtilegir þættir um ríku fótboltakappana og konurnar þeirra sem baða sig í sviðsljósinu.



**Krakka stöðin | 07:00-20.30**

**BARNAEFNI ALLA DAGA**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

# DAGSKRÁ



## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 The Middle**
**08.25 The Choice**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
**11.10 Mindy Project**
**11.40 Heimsókn**
**12.05 Hello Ladies**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 That's My Boy**
**14.50 The Mask**
**16.30 Kalli kanína og félagar**
**16.55 Tommi og Jenni**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Simpson-fjölskyldan**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Modern Family**
**19.15 Impractical Jokers**
**19.40 The Truth About Cats and Dogs** Hver er sannleikurinn um hunda og ketti? Abby Barnes dýralæknir veit það því hún stýrir vinsælum spjallþætti í útvarpi sem fjallar um gæludýr. En sumir sem hringja inn vilja vita meira um hana og hún lýsir sér sem konunni í næstu íbúð, ljóshærðri og glæsilegri. Eftir þetta lenda hún, nágrannakonan Noelle og hundaeigandinn Brian í furðulegum aðstæðum sem eru afleiðingar misskilnings og missagna. Nafnið á myndinni gefur fyrirheit um skemmtilega kvikmynd.
**21.15 NCIS: Los Angeles**
**22.00 The Food Guide to Love** Rómantísk gamanmynd sem segir frá matargagnrýnandanum og piparsveininum Oliver Byrne sem býr og starfar í Dublin á Írlandi. Honum gengur ekki beinlínis vel þegar kemur að ástamálum og á langa sögu af misheppnuðum samböndum og stefnumótum. Dag einn kynnist hann spænskri blómarós sem fær hann til að hugsa hlutina upp á nýtt. Mun það duga til að breyta hinum alræmda piparsveini eða er hann enn við sama heygarðshornið?
**23.30 Apollo 18**
**00.55 Escape Plan**
**02.50 Parker**
**04.45 The Mask**

## SPORT *besta sætið*

**11.45 Einvígið á Nesinu**
**12.40 PSG - Barcelona**
**14.20 Wimbledon Tennis 2015**
**18.15 Community Shield 2015**
**20.00 FH - Valur**
**21.50 Pepsímörkin 2015**
**23.05 UFC 190. Rousey vs. Correia**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.50 FH - Valur**
**13.40 Pepsímörkin 2015**
**14.55 Chelsea - Fiorentina**
**16.35 PL Classic Matches: Tottenham - Liverpool, 1993**
**17.05 Premier League World 2014**
**17.35 Goðsagnir - Guðmundur Steinsson**
**18.10 PL Match Pack 2015/2016**
**18.40 Brighton - Nottingham Forest** Bein útsending frá leik Brighton og Nottingham Forest í ensku 1. deildinni.
**20.45 Manstu**
**21.30 Premier League Preview 2015/2016**
**22.00 PL Match Pack 2015/2016**
**22.30 Premier League - Preview of the Season**
**23.25 Manstu**
**00.10 Brighton - Nottingham Forest**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Hvíta tjaldið **21.30** Eldhús meistaranna

## STÖÐ 3

**18.35 Cougar Town**
**19.00 Junior Masterchef Australia**
**19.50 The Carrie Diaries**
**20.30 Community**
**20.55 Grimm**
**21.40 In the Flesh** Önnur spennuþáttaröðin um Kieran Walker sem sneri aftur í heimabæ sinn eftir dularfullan atburð sem olli því að menn dóu ekki, heldur sneru aftur sem uppvakningar sem hluti af sérstakri endurhæfingu á vegum ríkisstjórnarinnar. En honum er ekki vel tekið af öllum og hann þarf ekki aðeins að takast á við það heldur einnig sína gömlu djöfla.
**22.35 The Listener**
**23.20 Junior Masterchef Australia**
**00.05 The Carrie Diaries**
**00.50 Community**
**01.15 Grimm**
**02.00 In the Flesh**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.49** Tommi og Jenni **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Kalli á þakinu **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Latibær **10.47** Mæja býfluga **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.49** Tommi og Jenni **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Kalli á þakinu **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Latibær **14.47** Mæja býfluga **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.49** Tommi og Jenni **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Kalli á þakinu **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Latibær **18.47** Mæja býfluga **19.00** Strumparnir

## GULLSTÖÐIN

**18.35 Strákarnir**
**19.05 Mike and Molly**
**19.25 Friends**
**19.50 New Girl**
**20.15 How I Met Your Mother**
**20.40 Mannasiðir Gillz**
**21.10 It's Always Sunny in Philadelphia**
**21.30 Footballers' Wives**
**22.20 Curb Your Enthusiasm**
**22.50 Derek**
**23.15 Mannasiðir Gillz**
**23.45 It's Always Sunny in Philadelphia**
**00.10 Footballers' Wives**
**00.55 Curb Your Enthusiasm**
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.30 Five Star Day**
**13.05 Mirror Mirror**
**14.50 Dumb and Dumber**
**16.40 Five Star Day**
**18.20 Mirror Mirror**
**20.05 Dumb and Dumber** Frábær gamanmynd um erkiaulann Lloyd Christmas er starfar sem leigubílstjóri. Þegar hann keyrir eina draumadísina á flugvöllinn verður hann ástfanginn og þá er ekki að sökum að spyrja. Hann ákveður að hafa uppi á henni með dyggri aðstoð besta vinar síns, Harry Dunnes, og þá upphefst mikið ævintýri.
**22.00 Longest Week**
**23.30 Independence Day** Sagan hefst á venjulegum sumardegi. Allt í einu dregur fyrir sólu. Óhugnanlegur skuggi færist yfir jörðina og spurningunni um líf á öðrum hnöttum hefur verið svarað. Í einni andrá er lífi alls mannkyns umturnað. Verur utan úr geimnum sitja um jarðarbúa og þeir verða að snúast til varnar. Hér er á ferðinni hörkuspennandi stórmynd sem fékk meðal annars Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur.
**01.55 Breakout**
**03.25 Longest Week**

## RÚV

**15.50 HM íslenska hestsins 2015**
**16.05 Stiklur**
**16.55 Fjölskyldubönd**
**17.20 Vinabær Danna tígurs**
**17.32 Litli prinsinn**
**17.54 Jessie**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Með okkar augum**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Sumardagar**
**20.00 Brúðarbandið** Gamanþættir um fjóra félaga sem ákveða að drýgja tekjurnar með því að stofna hljómsveit. Rokkstjörnulífinu fylgja ýmsar misgæfulegar uppákomur sem þeir reyna í sameiningu að snúa sig út úr.
**20.45 Fía fóstra**
**22.20 HM íslenska hestsins 2015**
**22.35 Hreindýraleikar** Gamansöm spennumynd með Ben Affleck í aðalhlutverki. Rudy Duncan er laus úr fangelsi og þráir að hefja nýtt líf. Glæpagengi sem tengist kærustunni hans er ekki á sama máli.
**00.15 Gott ár**
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.22 Dr. Phil**
**09.04 The Talk**
**09.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.30 Cheers**
**13.54 Dr. Phil**
**14.35 The Royal Family**
**14.58 Agent Carter**
**15.41 Once Upon a Time**
**16.23 The Biggest Loser**
**17.05 The Biggest Loser**
**17.49 Dr. Phil**
**18.30 The Talk**
**19.10 Secret Street Crew**
**19.55 Parks & Recreation**
**20.15 Playing House**
**20.40 Men at Work**
**21.00 Franklin & Bash**
**21.45 The Bridge**
**22.30 Sex & the City**
**22.55 XIII**
**23.40 Law & Order: Special Victims Unit**
**00.25 How To Get Away With Murder**
**01.10 Law & Order**
**02.00 Franklin & Bash**
**02.45 The Bridge**
**03.30 XIII**
**04.15 Sex & the City**
**04.40 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00 World Golf Championship 2015**
**13.00 Golfing World 2015**
**13.50 This is the Presidents Cup 201**
**14.15 Golfing World 2015**
**15.05 PGA Tour 2015 - Highlights**
**16.00 World Golf Championship 2015**
**22.00 LPGA Tour 2015**

## HRINGBRAUT

**11.00** Afsal **11.30** Vesturfarar **12.00** Við árbakkann **12.30** Lífsins list **13.00** Afsal **13.30** Vesturfarar **14.00** Við árbakkann **14.30** Lífsins list **15.00** Afsal **15.30** Vesturfarar **16.00** Við árbakkann **16.30** Lífsins list **17.00** Afsal **17.30** Vesturfarar **18.00** Við árbakkann **18.30** Lífsins list **19.00** Afsal **19.30** Vesturfarar **20.00** Lífsins List **20.30** Kvennaráð **21.00** Herrahornið **21.15** Vesturfarar **21.45** Grillspaðinn **22.00** Lífsins List **22.30** Kvennaráð **23.00** Herrahornið **23.15** Vesturfarar **23.45** Grillspaðinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

orkan.is/sumarleikur

# Nú fer hver að verða síðastur!







# -13kr.
# í 2 vikur
## á Orkunni og Shell

# 1.000.000
## Vinningar að verðmæti milljón krónur




**Þátttakendur eiga möguleika á ríflegum endurgreiðslum í formi inneignarkorta, samtals að verðmæti 1.000.000 kr.**

Þeim mun víðar um landið sem þú tekur eldsneyti þeim mun hærri inneign getur þú unnið.

**Skipting vinninga:** 5 x 100.000 kr. | 5 x 50.000 kr. | 13 x 20.000 kr.

JÚNÍ | JÚLÍ | ÁGÚST

SUMAR 2015

-13

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

Skráðu **2 vikna tímabil** í sumar á **orkan.is** og fáðu **13 kr. afslátt** á Orkunni og Shell allan þann tíma með kortum og lyklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Skráning og nánari upplýsingar á www.orkan.is

**Orkulykillinn** – *hagkvæmasti ferðafélaginn*

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SIA / NM62595

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Upp á síðkastið hefur það verið James Bay með Hold Back the River, það er eitthvað mjög föstudags við það.“**

Greta Salóme tónlistarkona.

# Þýsk sjónvarpsmyndasería tekin upp á Íslandi

Leikkonan Franka Potente fer með aðalhlutverk en hún lék í Run Lola Run, The Bourne Identity og The Bourne Supremacy. Meðal íslenskra leikara eru þau Elma Lísa Gunnarsdóttir og Jóhann G. Jóhannsson.

„Þeir fengu okkur til þess að aðstoða sig og við tókum upp í sumar í rúmlega fimmtíu daga,“ segir Fahad Jabali hjá kvikmyndafyrirtækinu Október sem aðstoðaði við framleiðslu á sjónvarpsmyndaseríunni Solveig Karlsdottir – Mysteries.

Tökurnar fóru fram í Reykjavík og einnig á Reykjanesi og á Grundarfirði. Myndirnar eru tvær og verða sýndar á þýsku sjónvarpsstöðinni Das Erste í kringum áramót og eru framleiddar af Neue Deutsche Filmgesellschaft.

Með hlutverk Solveigar fer þýska leikkonan Franka Potente en hún lék aðalhlutverk í Run Lola Run, The Bourne Identity og The Bourne Supremacy.

„Aðalpersónan er spennusagnahöfundur og rannsóknarlögreglukona í frístundum sem lendir í því að leysa flókin sakamál við og við. Þættirnir eru um hana. Þetta eru svona sakamálasögur.“

Talsverður fjöldi íslenskra leikara fer með hlutverk í myndinni, meðal annars Jóhann G. Jóhannsson og Elma Lísa Gunnarsdóttir.

Myndin verður talsett fyrir sýningu í Þýskalandi og því þurfti Elma Lísa ekki að hafa áhyggjur af þýskukunnáttunni. „Það var bæði töluð enska og þýska. Svolítið sérkennilegt þegar maður var að leika. Ég tala ekki orð í þýsku,“ segir Elma Lísa sem leikur lykilpersónu í fyrri myndinni og hlær. **- gló**



**SOLVEIG** Franka Potente fer með aðalhlutverkið og er hér í gervi Solveigar. MYND/ARD DEGETO/NDF/FRANKLÜBKE






# Íslendingar á Snapchat

Útvarpsþátturinn FM95Blö og Pétur Jóhann eru vinsælustu snapparar landsins eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Flestir eru sammála um að galdurinn á bak við góða snappsögu sé að hafa hana ekki of langa.

Fyrir flesta er snjallsímaforritið Snapchat tól til þess að senda persónuleg skilaboð á milli vina eða deila augnablikum úr daglegu lífi. Nokkrir íslenskir snapparar eru þó vinsælli en aðrir og hafa safnað að sér fjölda aðdáenda. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þá er aðgangurinn FM95Blö, sem er í umsjón Auðuns Blöndal, Steinda og Gillz, sá allra vinsælasti með í kringum 31.000 fylgjendur.

„Við byrjuðum með snappið fyrir hálfu ári og ég held að hæsta talan sem hefur horft á snöppin sé í kringum 31.000 manns. Þegar það eru komnir svona margir fylgjendur þá byrja fyrirtækin að lýsa yfir áhuga á að auglýsa í gegnum snappið en við höfum hingað til ekki gert það. Eina reglan sem við erum með er að sagan má ekki vera yfir 100 sekúndur. Annars held ég að galdurinn við góða snappsögu sé að vera á skemmtilegum stað með skemmtilegu fólki,“ segir Auðunn en hann segir að aðrir góðir íslenskir snapparar séu Pétur Jóhann og Sóli Hólm.

Fleiri vinsælir snapparar á Íslandi eru meðal annars Björn Bragi, Pétur Jóhann, Manúela Ósk, Emmsje Gauti, Jón Jónsson og Amabadama.

Fyrirtæki hafa verið að byrja með snapchat-aðgang þar sem þau fá sín ýmsa þekkta einstaklinga til þess að sjá um hann í nokkra daga. Vinsælustu fyrirtækjaaðgangarnir eru Nova sem er líklegast langstærstur, fotbolti.net, verslunin Nike Air, Síminn og margir fleiri sem nota Snapchat til þess að vekja á sér athygli. Að sögn Ragnars Trausta Ragnarssonar, umsjónarmanns Novasnappsins, eru snappsögurnar í raun raunveruleikasjónvarp sem er persónulegt og þarf að hafa upphaf, miðju og endi.

„Það mundi enginn nenna að fylgjast með okkur ef við værum að kynna vörurnar okkar og þjónustu. Við reynum að hafa efni sem er efst á baugi hverju sinni. Við erum með í kringum 30.000 fylgjendur, fer oft eftir hverjir eru að sjá um það.“

Björn Bragi sjónvarpsmaður er með 15.000 fylgjendur en hann hefur verið rólegur á Snapchat í sumar.

„Ég er miklu virkari á veturna. Ég held að fólk fíli það þegar maður er að gera eitthvað skemmtilegt með skemmtilegu fólki og svo má það ekki vera of langdregið,“ segir Björn en Pétur Jóhann Sigfússon er sama sinnis með virknina á veturna.

„Ég er bara búinn að vera í sumarfríi og ekki að gera neitt merkilegt af mér. Þegar það er virkt þá hendi ég einhverju léttmeti þarna inn og ef ég er með einhver skilaboð þá eru þau yfirleitt algjört kjaftæði.“ Pétur er með 22.000 fylgjendur.

Hljómsveitin Amabadama heldur uppi Snapchat-aðgangi og sýnir frá æfingum, undirbúningi fyrir tónleika og fleira. „Við vorum mjög öflug um helgina enda vorum við að spila á fimm tónleikum. Við erum komin með 6.000 fylgjendur en það er gaman að vita af því að fólk hafi áhuga,“ segir Salka Sól Eyfeld.

Hún heldur sjálf úti persónulegum aðgangi fyrir sig og vini sína. „Það er stelpa sem heitir líka salkasól á Snapschat og hún þarf að eyða nokkrum vinabeiðnum á dag þar sem fólk heldur að það sé að adda mér.“

gunnhildur@frettabladid.is




**DEILIR EKKI HVERJU SEM ER** Auðunn segir að skemmtilegustu snöppin séu þegar þeir séu á skemmtilegum stað með skemmtilegu fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Eina reglan sem við erum með er að story-ið má ekki vera yfir 100 sekúndur. Annars held ég að galdurinn að góðri snap-sögu sé að vera á skemmtilegum stað með skemmtilegu fólki.**
>
> *Auðunn Blöndal*









**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




• **Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg og Akureyri. Sími 519 6000 — www.geysir.com •

E&Co. — eogco.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland





**BAKÞANKAR**
**Birtu Björnsdóttur**


## Sonur minn er enginn hommi

Ég hef reyndar ekki hugmynd um hvort þessi fullyrðing mín er sönn. Ég vona hins vegar að þegar að því kemur að hann fari að renna hýru auga í einhverja átt skipti það hvorki hann né aðra nokkru máli í hvaða átt það verður.

**ÞAÐ** var nógu beyglað að vera skotin í einhverjum sem unglingur. Lífsins ómögulegt var að stjórna því hverjum manni fannst sætastur og fiðringurinn í maganum kom alveg ósjálfrátt sæi maður viðkomandi bregða fyrir á göngum skólans. Ég get ekki ímyndað mér að við bættust áhyggjur yfir því að tilfinningar manns væru á einhvern hátt rangar og ekki samþykktar af samfélaginu.

**EF** Gylfi Ægis heldur að gleðigangan gangi út á að troða typpasleikjóum upp á börn verður hann að eiga það við sig. Það sama má segja um sjálfskipaða fortíðardrauga sem velja af kostgæfni nokkrar setningar úr Biblíunni fordómum sínum til stuðnings. Líkt og Guð sjálfur hafi nýverið sent þeim skilaboð með skoðunum sínum á samkynhneigð og biðji þá að breiða út þann boðskap umfram aðra mörg þúsund ára dellu sem engum dettur í hug að nota máli sínu til stuðnings í nútímasamfélagi. Kærleiksboðskapur trúarrita er látinn liggja milli hluta.

**HINSEGIN** dagar hafa lyft grettistaki í málefnum samkynhneigðra. Hampað þeim sjálfsögðu mannréttindum sem fámennur hópur hóf að berjast fyrir á síðustu áratugum síðustu aldar. Sú barátta var þyrnum stráð og skyldi aldrei vanmeta þær svívirðingar, ofbeldi og óréttlæti sem baráttufólkið þurfti að sæta fyrir það eitt að vera þau sjálf. Við getum sannarlega glaðst yfir þeim góða árangri sem náðst hefur eftir hina eljusömu baráttu en við erum ekki alveg komin á leiðarenda. Því miður. Það sanna áðurnefnd dæmi því enn finnast þó nokkrir einstaklingar í samfélaginu sem telja sig hafa umboð til að fordæma líf og tilveru annars fólks. Þó manni finnist þess háttar ummæli dæma sig sjálf meiða þau og særa og eru ólíðandi. Þess vegna eru Hinsegin dagar mikilvægir.







STILLANLEG
**RÚM**
25-35%
AFSLÁTTUR

Verðdæmi
C&J stillanlegt heilsurúm með infinity dýnu 2x80x200 cm.
Fullt verð kr. 558.000
**ÚTSÖLUVERÐ KR. 390.600**

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

**ÚTSALA**
**LÝKUR Á LAUGARDAG!**
**20-50%**
**AFSLÁTTUR**



MARGAR GERÐIR
**SÆNGUR-FATASETT**
20-50%
AFSLÁTTUR

**REYNIR** heilsurúm
Með Classic botni 160x200 cm.
Fullt verð: 169.900
**ÚTSÖLUVERÐ AÐEINS**
**kr. 99.900**

Serta
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™



*Reynir*
HEILSURÚM
40%
AFSLÁTTUR AF 160X200 CM

Gafl ekki innifalinn í verði

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opi› virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16